



TRAUST - FAGMENNSKA - ÁBYRGÐ

Ársskýrsla 2008



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Ísafjörður - Mývatn - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

UMHVERFISSTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA 2008

EFNISYFIRLIT

4.....	FRÁ FORSTJÓRA
7.....	STEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR
8.....	STARFSMANNAMÁL
9.....	HLUTVERK UMHVERFISSTOFNUNAR
12.....	LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTEGUNDA Á ÍSLANDI
18.....	HEILSUSKADLEG EFNI OG ÚRGANGUR
28.....	UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL OG ALMANNARÉTTUR
34.....	VERND, VIÐHALD, ENDURHEIMT OG NÝTING NÁTTÚRU ÍSLANDS
46.....	VILLTIR DÝRASTOFNAR
54.....	VATN OG HAF
60.....	STJÓRNSÝSLA OG UMHVERFISMERKINGAR
66.....	FJÁRMÁL OG REKSTUR



© UMHVERFISSTOFNUN 2009

Ritstjórn: Áki Ármann Jónsson og Kristinn Már Ársælsson

Ljósmyndir:

Bergþóra Kristjánsdóttir

Bjarni Pálsson

Brynjar Ágústsson

Charles J. Goemans

Einar Guðmann

Gísli Hjörleifsson

Gottskálf Friðgeirsson

Gyða Henningsdóttir

Hans Hillewaert

Harpa Hrund

Helgi Páll Jónsson

Ingi Rafn Ólafsson

istockphoto.com

Jón Örvar Geirsson Jónsson

Kristinn Már Ársælsson

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Róbert Stefánsson

Snævarr Guðmundsson

Unnur Ólöf Matthíasdóttir

Þorsteinn Jóhannsson

Hönnun og umbrot: Einar Guðmann

Súlu- og kökurit: Ingi Rafn Ólafsson

Ljósmynd á forsiðu er frá Mývatnssveit: Gísli Dúa Hjörleifsson

Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



FRÁ FORSTJÓRA

Umhverfisstofnun markaði á árinu 2008 farveg sinn til nánustu framtíðar. Nýtt skipurit stofnunarinnar tók gildi 1. janúar og var mikið lagt í farsæla innleiðingu þess. Áhersla var á innra starf stofnunarinnar og unnið með megingildi hennar sem eru fagmennska, traust og ábyrgð.

Umhverfisstofnun kynnti framtíðarsýn til ársins 2014: Fólkið í landinu verði virkt á öllum sviðum umhverfismála, taki þátt í umræðum og athöfnum á því sviði, að landsmenn verði meðvitaðir um ábyrgð sína gagnvart umhverfi sínu. Sett voru tíu markmið sem stofnunin mun vinna að á næstu fimm árum ásamt leiðum að þeim markmiðum. Farið er nánar yfir þessi markmið og þá vinnu sem unnin hefur verið á árinu 2008 til þess að ná þeim í ársskýrslunni.

Umsjón friðlýstra svæða og ferðamannastaða er einn þeirra þátta sem huga þarf að til framtíðar. Ágæt umræða átti sér stað í samfélaginu sumarið 2008 um aðgengi að ferðamannastöðum,

réttindi og skyldur landeigenda og um heimildir til gjaldtöku vegna aðgengis. Umhverfisstofnun fagnar þessari umræðu enda ljóst að margir aðilar hafa áhyggjur af okkar helstu náttúruperlum og ástandi þeirra.

Umhverfisstofnun hefur reynt af því að takast á við bráðatilfelli eins og mengunarslys eða strand skipa. Verður þó að viðurkennast að stofnunin var ekki nægilega viðbúin þegar tveir hvítabirnir gengu á land í sumarbyrjun enda voru þá um 20 ár liðin frá sambærilegum viðburði. Umhverfisstofnun hefur dregið mikinn lærdóm af þessum atburðum og unnið er að stefnumörkun til framtíðar. Vil ég nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu aðilum sem komu að málinu og hjálpuðu til, bæði á vettvangi og með ráðgjöf. Þar kom styrkur okkar Íslendinga berlega í ljós við nýjar og erfiðar aðstæður.

Svanurinn hóf sig til flugs á árinu. Viðurkennd umhverfismerki eins og Svanurinn auðvelda neytendum að velja gæðavörur sem eru vistvænni en flestar sambærilegar vörur á markaðnum. Með því að neytendur velji umhverfismerktar vörur skapast hvati fyrir fyrirtæki til að framleiða vörur þar sem hönnun, framleiðsla og markaðssetning uppfylli ströng umhverfis- og gæðaskilyrði. Fyrirtæki geta tekið þátt í þessari þróun með framleiðslu og sölu á Svansmerktum vörum og um leið styrkt ímynd sína og viðskiptavild. Nú er hafið áttak hjá Umhverfisstofnun í því að efla verulega starfsemi Svansins á Íslandi með það að markmiði að umhverfismerki verði leiðandi í innkaupum landsmanna og öðlist traust. Unnið verður að því að hlutfall Svansmerktrar vöru og þjónustu á markaði aukist stórlega og áhugi almennings og fyrirtækja á Svaninum og öðrum umhverfismerkingum verði eflur.

Loftslagsmál verða sífellt fyrirferðarmeiri í vinnu stofnunarinnar. Umhverfisstofnun gerði nýja spá um losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árin 2008-2012 sem er skuldbindingartímabil Kýótó-bókunarinnar. Spáin gaf til kynna að við myndum halda okkur innan marka bókunarinnar en jafnframt að stöðugt þyrfti að sýna árvekni. Jafnframt var unnið að innleiðingu nýrra laga um losun gróðurhúsalofttegunda. Umhverfisstofnun mun leggja mikla áherslu á loftslagsmál á komandi árum enda miklivægt hagsmunamál fyrir atvinnulíf og almenning.

Vatn er auðlind sem Ísland er ríkt af en því fylgir talsverð ábyrgð. Umhverfisstofnun hefur hafið vinnu við undirbúning innleiðingar á vatnatilskipun Evrópusambandsins. Markmið hennar er að setja ramma um vernd alls vatns, þ.e. yfirborðsvatns á landi, árósvatns, strandsjávar og grunnvatns. Henni er ætlað að vernda og koma í veg fyrir frekari afturför vatnavistkerfa, stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og tryggja að dregið sé jafnt og þétt úr mengun grunnvatns. Stofnaður var stýrihópur forstjóra fimm stofnana sem koma að undirbúningsvinnunni og er það von okkar að það muni tryggja farsælt samstarf þessara aðila. Umhverfisstofnun mun leggja mikla áherslu á samráð við hagsmunaaðila við þessa vinnu enda er hreint og gott vatn hagsmunamál okkar allra.

Stór hluti vinnu Umhverfisstofnunar byggir á löggjöf Evrópusambandsins (ESB) sem við höfum tekið upp í gegnum EES-samninginn. Ljóst er að hvað varðar umhverfismálin að Ísland hefur nú þegar tekið upp megnið af löggjöf ESB en sá hluti umhverfislöggjafar ESB sem fellur utan samningsins er náttúruvernd. Vægi umhverfismála hefur aukist mjög á undanförunum árum innan ESB og hefur sambandið verið í fararbroddi við setningu nýrrar löggjafar á sviði umhverfismála. Innan ESB er gert ráð fyrir að umhverfissjónarmið skuli hafa til hliðsjónar við gerð og framkvæmd allra stefna sambandsins en eitt af meginmarkmiðum ESB er að vinna að því að uppfylla markmiðið um sjálfbæra þróun. Lögd er áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir og á svonefnda greiðslureglu (mengunarbótareglu), þ.e. að sá sem mengar greiði þann kostnað sem því er samfara en ekki samfélagið.

Tel ég ljóst að þær víðtæku breytingar sem orðið hafa á lagaumhverfi umhverfismála hefðu ekki orðið nema vegna EES-samningsins. Leiða má líkur að því að íslensk stjórnvöld hefðu ekki haft burði til að fylgja eftir þeim hröðu breytingum á sviði umhverfismála ef ekki hefði verið fyrir EES-samninginn þar sem heimurinn sem við lifum í verður sífellt flóknari og krefst meiri sérhæfingar.

Líkur eru á að enn verði þrengt að starfsemi hins opinbera og skorast Umhverfisstofnun ekki undan erfiðum ákvörðunum. Mikilvægt er að nýta fé vel til að tryggja öflugan starfsemi, landi og þjóð til hagsbóta. Umhverfisstofnun vann á árinu 2008 í að marka skýra stefnu til framtíðar, sett var fram vönduð verkefnaáætlun vegna ársins 2009, stofnuð þverfagleg teymi, unnið var að innleiðingu verkþókhalds og endurskoðun verkferla í anda gæðastjórnunar. Þessari vinnu er ætlað að vera grunnurinn að forgangsröðun í starfi fyrir umhverfi, atvinnulíf, sveitarfélög, heilbrigðiseftirlit og almenning.


Mikilvægt er að hafa skýra sýn til framtíðar og missa ekki sjónar á því sem mestu skiptir, sérstaklega á óvissutímum. Annars er hætta á því að meiri hagsmunum sé fórnað fyrir minni. Margar mikilvægar ákvarðanir sem snerta hagsmuni okkar, barna og barnabarna verða teknar á næstu mánuðum og árum. Umhverfisstofnun mun vinna að því að framtíð landsins verði byggð á grænum gildum með sjálfbærni að leiðarljósi. Til þess að svo verði er nauðsynlegt að miðla upplýsingum um umhverfismál og örva umræðu um þau meðal landsmanna og telur Umhverfisstofnun sig hafa hlutverki að gegna til að sú umræða verði upplýst og hnitmiðuð.

mars 2009

Kristín Linda Árnadóttir

SKIPURIT UMHVERFISSTOFNUNAR

Starfsemi Umhverfisstofnunar grundvallast á nýju skipuriti sem tók gildi í byrjun árs 2008. Umhverfisstofnun skiptist í fimm svið auk yfirstjórnar. Þrjú sviðanna eru þverfagleg og vinna náið með sviðum umhverfsgæða og náttúruauðlinda. Hvert svið fyrir sig er sjálfstætt og heyrir beint undir forstjóra en sviðstjórar starfa náið saman að því að sinna verkefnum stofnunarinnar.



UMHVERFISSTOFNUN

SVIÐ NÁTTÚRUAUÐLINDA

skiptist í tvær deildir:

Deild náttúruverndar

- Undirbúningur friðlýsinga
- Rekstur friðlýstra svæða
- Náttúruminjasráðgjafi
- Náttúruverndaráætlun
- Mat á umhverfisáhrifum

Lífriki og veiðistjórnun

- Veiðistjórnun
- Framkvæmd dýraverndarlaga
- Lífríkismál
- Erfðabreyttar lífverur

SVIÐ FRÆÐSLU- OG UPPLÝSINGA

- Gagnagrunnar
- Vefir
- Útgáfumál
- Bókasafn
- Skýrslugjöf
- Umhverfissvísar
- Ímyndarmál
- Námskeið, fræðslufundir og ráðstefnur

SVIÐ UMHVERFISGÆÐA

skiptist í tvær deildir:

Deild Hollustuverndar

- Hollustuhættir og öryggismál
- Efni og efnavörur
- Hljóðvist
- Úrgangsmál
- Umhverfismerki

Deild Umhverfisverndar

- Loftslagsbreytingar og loftgæði
- Vatnsgæði
- Verndun hafs og stranda
- Jarðvegsvernd
- Starfsleyfi og eftirlit

SVIÐ LAGA OG STJÓRNSÝSLU

- EES samningurinn
- Reglugerðir
- Alþjóðasamningar
- Þingmál
- Lögfræðilegar álitsergerðir
- Umsagnir um kærsmål
- Samningagerð

SVIÐ FJÁRMÁLA OG REKSTRAR

- Fjármálaumsýsla stofnunarinnar
- Bókhald
- Eignaumsýsla
- Kostnaðarmat
- Innkaup
- Skjalavarsla
- Ritarþjónusta, símsvörun og móttaka

STEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

Umhverfisstofnun hefur sett sér stefnu til næstu fimm ára. Sett eru tíu markmið sem stofnunin mun leggja áherslu á. Markmiðin endurspeglar stefnu og hlutverk stofnunarinnar og gefa um leið vísendingu um þau málefni sem nauðsynlegt er að unnið sé að á næstu árum. Verkerlar og verkáætlanir næstu ára grundvallast á eftirfarandi markmiðum:

Markmið Umhverfisstofnunar 2008-2012:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.
- Draga úr losun heilsuskaðlegra efna og efna sem eru hættuleg umhverfinu.
- Gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi og hagsmunaaðilum og gera þeim þannig kleift að hafa áhrif á umhverfi sitt.
- Vinna að vernd, viðhaldi, endurheimt og nýtingu þeirra auðlinda sem felast í náttúru Íslands með sjónarmið um líffræðilega fjölbreytni, varðveislu jarðmyndana og landslagsheilda að leiðarljósi.
- Stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu villtra dýrastofna.
- Kynna rétt almenningi til að njóta útivistar í náttúrunni og bæta þannig og tryggja lýðheilsu landsmanna.
- Beita vistkerfisnálgun við heildstæða stjórnun á umhverfi í vatni og hafi.
- Draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans.
- Stjórnsýsla stofnunarinnar verði skýr og skilvirk.
- Umhverfismerkingar leiði innkaup almenningi og fyrirtækja.


STARFSMANNAMÁL

Árið einkenndist af töluverðum breytingum á starfsliði í nýju skipuriti með nýjum stjórnendum. Matvælasvið Umhverfisstofnunar var flutt til Matvælastofnunar, þjóðgarðarnir í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli voru færðir til Vatnajökulsþjóðgarðs og mannað var í ný störf og ómönnuð sem legið höfðu í láginni meðan á skipulagsbreytingum ársins á undan stóð.

Eitt af fyrstu verkefnum ársins var endurskipulagning á starfsaðstöðu fjölmargra starfsmanna á nýjum sviðum og deildum. Starfsmannasamtöl voru endurvakin, þar sem m.a. var farið yfir endurskoðaðar starfslýsingar hjá öllu starfsfólki og þörf á endurmenntun. Fjögurra manna öryggisnefnd var sett á laggirnar í byrjun ársins. Nefndin beitti sér fyrir því að öryggistöskur í bíla voru keyptar og að


Vinnueftirlitið var fengið til mælinga á hita, raka og hreyfingu lofts. Þá hóf nefndin að útbúa vinnuumhverfisvísa en áhættumat starfa er eitt af meginverkefnum nefndarinnar. Vinnustaðaúttekt var framkvæmd af sjúkrapjálfa á október og sú úttekt leiddi til úrbóta á fjölmörgum vinnustöðvum.

Menntunarstig starfsfólks



● Án háskólaprófs
● BSc eða sambæril.
● MSc eða sambærilegt
● Dr. próf

Símenntunarmál voru ofarlega á baugi á árinu. Meginþema þeirra var stofnanamenning og samstarf. Stjórnendur unnu með menningargildi auk þess að efla sig í stjórnendahlutverkinu en almenn áhersla hjá stofnuninni var á þverfaglega teymisvinnu og að vinna sem ein heild. Fimm skilgreind tímabundin verkefni fóru af stað með jafnmörgum verkefnisstjórum og eru þau unnin undir handleiðslu utanaðkomandi sérfræðings í fræðunum. Níu þverfaglegum teymum var síðan hrundið af stað og var boðið upp á sérstaka þjálfun um teymisvinnu áður. Símenntunaráætlanir eru nú unnar í upphafi hvers misseris, þar sem bæði er tekið mið af þörf stofnunar og einstaklinga, auk þess sem reglulega er boðið upp á stutta blandaða fræðslu innan stofnunar. Maimánuður var mánuður heilsueflingar með átakinu „hjólað í vinnuna“, stafagöngu og ómældu ávaxtaáti.



Mynd 1. Fjöldi starfsfólks og kynjahlutfall

Á haustmánuðum hóf starfshópur um endurskoðun starfsmannastefnu vinnu sína. Leiðarljós hópsins var að stefnan yrði hnitmiðuð og öllu starfsfólki skiljanleg. Starfshópurinn lauk sínu starfi í desember. Starfsmannaskrá stofnunarinnar var endurskoðuð og er markmiðið að saga hvers og eins verði skráð, þ.e. breytingar á störfum og launum, endurmenntun og starfslýsingar.

Á árinu létu 10 manns af störfum hjá Umhverfisstofnun fyrir utan þau störf sem flutt voru frá stofnunni með lagabreytingum. Það er um 15% starfsmannavelta. 17 störf voru auglýst á árinu, bæði ný og endurskipulögð störf. 238 umsóknir bárust um þau, frá 120 konum og 118 körlum. Meðal nýrra starfa má nefna sérfræðingsstörf í friðlöndunum Surtsey, með aðsetur í Vestmannaeyjum, og á Hornströndum, með aðsetur á Ísafirði. Verklag við móttöku nýs starfsfólks var skerpt og hafa nú verið útbúnir sérstakir gátlistar þar um.

Öflugt starfsmannafélag er starfrækt hjá stofnuninni. Helstu viðburðir ársins voru hefðbundnir en þar má nefna árshátíð, þorralót, björkvöld og fjölskyldu- og helgarferð, sem að þessu sinni var á Snæfellsnesið.

Ríkur mannauður býr í starfsfólki Umhverfisstofnunar sem taldi 63 starfsmenn við árslok. Flest starfsfólk er með starfsaðstöðu í Reykjavík eða 48 manns en starfsstöðvagnar eru nú á sjö stöðum á landinu. Meðalaldur starfsfólks er 46,4 ár. Menntunarstig starfsfólks er hátt en 78% starfsfólksins er með háskólapróf. Þá er kynjahlutfall sem næst jafnt, bæði meðal stjórnenda og alls starfsfólks.

STARFSFÓLK UMHVERFISSTOFNUNAR

Eftirtalið starfsfólk vann hjá stofnuninni við árslok 2008:

FORSTJÓRI

Kristín Linda Árnadóttir

SVIÐ FJÁRMÁLA OG REKSTRAR

Gylfi Ástbjartsson, sviðsstjóri
Kristbjörg Bjarnadóttir
Kristín Ágústa Björnsdóttir
Magnea I. Kristinsdóttir
Stella Aðalsteinsdóttir
Svanhildur Sigurðardóttir
Þórey J. Pétursdóttir
Þórunn E. Karlsdóttir

SVIÐ FRÆÐSLU OG UPPLÝSINGA

Áki Ármann Jónsson, sviðsstjóri
Anne María Sparf
Einar Guðmann
Gunnar Steinn Jónsson
Inga G. Aradóttir
Jón Örvar Geirsson Jónsson
Kristinn Már Ársælsson
Sigurður B. Finnsson
Svanhvít Bragadóttir

SVIÐ LAGA OG STJÓRNSÝSLU

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri
Guðríður Þorvarðardóttir
Kjartan Ingvarsson
Kristín Aðalsteinsdóttir

SVIÐ NÁTTÚRUVAUÐLINDA

Hjalte J. Guðmundsson, sviðsstjóri
Ásgeir Björnsson
Bergþóra Kristjánsdóttir
Bjarni Pálsson
Björn Stefánsson
Chas Goemans
Edda Björk Rögnvaldsdóttir
Guðbjörg Gunnarsdóttir
Guðrún Lára Pálmadóttir
Jóhann Guttormur Gunnarsson
Jón Björnsson
Kristín S. Jónsdóttir
Kristín H. Kristjánsdóttir
Linda Björk Hallgrímsdóttir
Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir
Njörður Jónsson
Ólafur A. Jónsson
Karl Karlsson
Sigurður Jónsson
Soffía Arnþórsdóttir

SVIÐ UMHVERFISGÆÐA

Gunnlaug Einarsdóttir, sviðsstjóri
Birgitta Íris Birgisdóttir
Birna Sigrún Hallsdóttir
Brynja Jóhannsdóttir
Gísli Jónsson
Gottskálf Friðgeirsson
Guðmundur Bjarki Ingvarsson
Haukur R. Magnússon
Heiðrún Guðmundsdóttir
Niels Br. Jónsson
Kristín Harðardóttir
Kristján Geirsson
Ólafur Kristinn Tryggvason
Sigríður O. Jansen
Sigríður Kristjánsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurður Ingason
Þorsteinn Jóhannsson

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Atli Þór Þorvaldsson
Helgi Jensson
Sigrún Valgarðsdóttir
Sigurbjörg Gísladóttir

HLUTVERK UMHVERFISSTOFNUNAR

Umhverfisstofnun er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90 / 2002 með síðari breytingum.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Verkefni Umhverfisstofnunar greinast í eftirfarandi þætti:

- Eftirlit og leyfisveitingar
- Samræmingarhlutverk vegna heilbrigðis og mengunarmála
- Söfnun og miðlun upplýsinga um umhverfismál, þ.á.m. vöktun
- Umsjón með umhverfisluta EES- samningsins
- Vinna við gerð reglugerða
- Ráðgjöf til annarra opinberra aðila, sveitarfélaga og fyrirtækja
- Umsagnir vegna m.a. mats á umhverfisáhrifum og skipulagsmála
- Umsagnir um kærur
- Önnur stöf samkvæmt sérstökum samningum eða samkvæmt ákvörðun Umhverfisráðuneytis



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ:
DRAGA ÚR LOSUN
GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA
Á ÍSLANDI



VERKEFNI ER VARÐA MARKMIÐ UM LOSUN GRÓÐURHÚSA- LOFTTEGUNDA

UMHVERFISSTOFNUN
GERÐI NÝJA SPÁ UM LOSUN
GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Spá um losun gróðurhúsalofttegunda

Að ósk umhverfisráðuneytisins vann Umhverfisstofnun nýja spá um losun gróðurhúsalofttegunda árin 2008-2012 og bar saman við skuldbindingar Íslands samkvæmt Kýótó-bókuninni. Skoðuð voru þrjú mismunandi tilvik. Í tilvik 1 var ekki gert ráð fyrir framleiðsluaukningu í iðnaði; í tilvik 2 var skoðað hvaða áhrif aukning á framleiðslu áls myndi hafa; og í tilvik 3 var í ljósi mikillar aukningar á losun PFC á hvert framleitt áltonn árið 2006 skoðað hvaða áhrif það gæti haft ef útstreymi flúorkolefna frá álframleiðslu væri umfram leyfileg mörk í starfsleyfi.

Samkvæmt spánni verður útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi innan marka Kýótó-bókunarinnar, að því gefnu að útstreymi flúorkolefna (PFC) á hvert framleitt tonn í áliðnaði haldist lágt og að ekki verði ráðist í auknar stóriðjuframkvæmdir á tímabilinu (tilvik 1). Yrði hins vegar aukning í framleiðslu áls og/eða aukið útstreymi flúorkolefna (PFC) á hvert framleitt tonn myndi Ísland þurfa að útvega sér losunarheimildir með öðrum leiðum t.d. með landgræðslu, skógrækt, loftslagsvænni þróunaraðstoð eða kaupum á losunarheimildum erlendis frá.

Skil til loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna

Upplýsingar um losun á Íslandi árið 2008 (fyrsta árs fyrsta skuldbindingartímabils Kýótó-bókunarinnar) liggja fyrir í ársbyrjun 2010. Eigi síðar en 15. apríl ár hvert skilar Umhverfisstofnun inn upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda fyrir síðastliðið



Ef útstreymi flúorkolefna (PFC) á hvert framleitt tonn í áliðnaði helst lágt og ekki verður ráðist í stóriðjuframkvæmdir á tímabilinu 2008-2012 eru líkur á að útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi verði innan marka Kýótó-bókunarinnar.

ár. Þann 15. apríl 2008 var skilað upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda frá 1990 til 2006. Þar kemur fram að heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi jókst um rúm 24% frá 1990 til 2006, eða úr 3,4 milljónum tonna árið 1990 í 4,3 milljónir tonna árið 2006. Árið 2005 var heildarútstreymið 3,7 milljónir tonna og nam aukningin milli árána 2005 og 2006 því rúmum 14%. Stærsta hluta aukningarinnar má skýra með auknu útstreymi frá áliðnaði, sem jókst um 0,4



milljónir tonna milli 2005 og 2006, eða um 89%. Munar þar mest um losun PFC-efna sem jókst verulega milli ára. PFC (perflúorkolefni) er flokkur efna sem myndast sem hliðarafurð við álframleiðslu þegar svokallað spennuris verður í kerunum. Þessi efni eru mjög öflugar gróðurhúsalofttegundir, með hlýnunar mátt frá 6500 til 9200 CO₂-ígildi. Losun frá samgöngum jókst um 146.000 tonn milli árána 2005 og 2006, eða um 17%, að langmestu leyti vegna vegasamgangna. Þessi aukning milli

áranna 2005 og 2006 var mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir og óskaði umhverfisráðuneytið eftir nýrri spá frá Umhverfisstofnun um losun gróðurhúsalofttegunda frá 2008 – 2012, ásamt mati á því hvort hætta sé á að Ísland fari fram úr skuldbindingum sínum samkvæmt Kýótó-bókuninni.

Svifryk

Svifryk eru fastar agnir sem vegna smæðar sinnar svífa um í andrúmsloftinu. Venjulega er talað um svifryk þegar þvermál agnanna er minna en 10 µm. Til samanburðar má geta þess að mannhár er um 60 µm í þvermál. Undanfarið ár hefur athygli mikið beinst að smæstu ögnunum og því er oft sérstaklega fjallað um agnir sem eru minni en 2,5 µm í þvermál. Það stafar af því að þær komast dýpra ofan í lungu fólks og geta því valdið meiri heilsufarsskaða en grófar agnirnar sem stoppa ofar í öndunarveginum.



Svifryk er skaðlegt jafnvel þótt það innihaldi ekki nein eitruð efni. Það er tilvist smárra efniskorna í lungum fólks sem veldur skaðseminni en ekki efnavirkni þeirra. Þannig geta ýmis efni, sem jafnvel er óhætt að borða, orðið skaðleg ef þau eru nægjanlega smágerð þannig að fólk andi þeim að sér. Einnig geta eitruð efni fylgt sumu svifryki sem gera það þá enn skaðlegra.

Ryk er mengun jafnvel þótt um sé að ræða „hreint náttúrulegt“ ryk. Almennt eru börn viðkvæmari fyrir loftmengun en fullorðnir og loftmengun hefur meiri áhrif þegar fólk reynir á sig einfaldlega af því að þá er fólk að anda að sér meira loftmagni.

Á þessari mynd má sjá einstaklega slæma blöndu. Hér eru börn í keppnisáreynslu í mjög mikilli rykmengun. Handan við grænu girðinguna var vökvunarvagn fyrir grasvöllinn sem þar er. Að rykbinda völlinn fyrir leikinn hefði leyst vandamálið.

UMFANG LÖGGJAFAR UM LOFTSLAGSMÁL Á VETTVANGI EVRÓPUSAMBANDSINS FER VAXANDI



Viðskiptakerfi með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda

Tilskipun Evrópusambandsins um kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda hefur það að markmiði að skapa hagræna hvata fyrir fyrirtæki til að draga úr slíkri losun. Tilskipunin er liður í aðgerðum Evrópusambandsins til að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt Kýótó-bókuninni. Að mati Umhverfisstofnunar er hér um að ræða markvisst stjórnæki sem er almennt til þess fallið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Viðskiptakerfið gerir fyrirtækjum kleift að selja losunarheimildir sem þau fá úthlutað af stjórnvöldum, takist þeim að finna leiðir til að draga úr losun. Þá geta fyrirtæki einnig keypt heimildir þurfi þau meiri heimildir en þeim var úthlutað. Tilskipunin tók gildi sem viðbót við samninginn um evrópska efnahagssvæðið þann 29. desember 2007. Samhliða voru felldar inn í samninginn reglur um skráningarkerfi fyrir slíkar heimildir sem og viðmiðanir um vöktun og skýrslugerð vegna losunar koldíoxíðs. Samið var um sérstaka aðlögun fyrir Ísland vegna þeirrar atvinnustarfsemi hér á landi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar þar sem losun koldíoxíðs frá umræddum fyrirtækjum er hverfandi hluti af heildarlosun hér á landi. Enn sem komið er hefur tilskipunin því ekki áhrif á atvinnustarfsemi hér á landi. Ekki hafa verið gerðar breytingar á íslensku lagaumhverfi til innleiðingar tilskipunarinnar en gera má ráð fyrir að fljótlega verði breyting þar á. Evrópusambandið samþykkti í lok nýliðins árs breytingu á tilskipuninni þar sem flugstarfsemi er felld undir þessar reglur. Stendur nú yfir greining á þeirri tilskipun og munu íslensk stjórnvöld taka afstöðu til hennar á næstu vikum. Jafnframt er á vettvangi sambandsins langt komin endurskoðun

og útvíkkun á þessari löggjöf þar sem gert er ráð fyrir að stóriðja á borð við þá sem fyrir hendi er hér á landi falli undir tilskipunina. Ljóst er að umfang löggjafar um loftslagsmál fer vaxandi á vettvangi Evrópusambandsins. Íslensk stjórnvöld og hagsmunasamtök þurfa því að fylgjast vel með þróun mála og samnýta upplýsingar og tengsl eins og best verður á kosið.

Markmið tilskipunar að skapa hagræna hvata fyrir fyrirtæki til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Tilskipunin hefur enn sem komið er ekki áhrif á atvinnustarfsemi.



Heildarmagn losunarheimilda Íslands er um 18,5 milljónir tonna koldíoxíðsigilda, auk 8 milljóna tonna vegna íslenska ákvæðisins.

Losunarheimildir Íslands

Á fyrsta skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar frá 2008 til 2012 nema losunarheimildir Íslands 18.523.847 tonnum koldíoxíð-ígilda. Þetta jafngildir því að losun gróðurhúsalofttegunda megi á tímabilinu nema árlega að meðaltali rúmlega 3,7 milljónum tonna koldíoxíð-ígilda. Samkvæmt ákvæðun 14/CP.7 við Kýótó-bókunina (íslenska ákvæðið) er Íslandi þó heimilt að halda koldíoxíðlosun frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvera, sem hefur starfsemi eftir 1990 og leiðir til meira en 5% aukningar í losun á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar, utan við losunarskuldbindingar

sínar eftir að losunarheimildir hafa verið fullnýttar. Heildarmagnið sem halda má utan við losunarheimildirnar nemur samtals 8 milljónum tonna á fyrsta skuldbindingartímabilinu, eða að meðaltali 1,6 milljónum tonna á ári. Að auki verður mögulegt fyrir Ísland eins og önnur aðildarríki samningsins að kaupa heimildir á kolefnismörkuðum og að fá úthlutað sérstökum heimildum vegna þátttöku í verkefnum á sviði loftslagsvænnar þróunaraðstoðar og/eða vegna bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt.

Starfsleyfi

Umhverfisstofnun hefur það hlutverk að veita starfsleyfi fyrir ýmsa atvinnustarfsemi sem getur valdið mengun. Í starfsleyfunum setur stofnunin skilyrði fyrir starfseminum sem snúa að ráðstöfunum til að draga úr álagi á umhverfið. Tillögur að starfsleyfum Umhverfisstofnunar eru jafnan auglýstar opinberlega í 8 vikur áður en leyfin eru gefin út. Á auglýsingatímanum getur hver sem er sent Umhverfisstofnun athugasemdir. Heimilt er að gera athugasemd við hvaða skilyrði starfsleyfanna sem er. Ekkert sérstakt



form þarf að vera á athugasemdunum til að þær séu teknar til athugunar. Að auglýsingatíma loknum hefur Umhverfisstofnun 4 vikur til að fjalla

nánar um skilyrði starfsleyfisins og tekur hún þá afstöðu til athugasemdana áður en endanlegt starfsleyfi er gefið út.




UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ:

DRAGA ÚR LOSUN HEILSUSKAÐLEGRA
EFNA OG EFNA SEM ERU HÆTTULEG
UMHVERFINU

DRAGA ÚR MYNDUN ÚRGANGS
OG AUKA ENDURVINNSLU HANS



VERKEFNI ER VARÐA MARKMIÐ UM HEILSUSKAÐLEG EFNI OG ÚRGANG

Útstreymi mengandi efna

Umhverfisstofnun vinnur að margvíslegum verkefnum er varða útstreymi loftmengunarefna. Stofnunin metur árlega útstreymi þrávirkra lífrænna efna (díoxíns og PAH) og sendir til samningsins um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (LRTAP). Árið 2008 var í fyrsta skipti einnig skilað til samningsins skýrslu yfir helstu niðurstöður og aðferðir við útreikninga. Skýrslan heitir Informative Inventory Report og er hún birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Stofnunin heldur og utan um útstreymisreikninga og skil á upplýsingum um útstreymi gróðurhúsalofttegunda til loftslagssamningsins og sér um að koma á fót skráningar- og viðskiptakerfi fyrir útstreymisheimildir. Farið var af stað með uppsetningu kerfisins og mun verkinu ljúka árið 2009. Kerfið mun bæði halda utan um heimildir Íslands samkvæmt loftslagssamningnum og falla að kröfum sem gerðar eru til skráningar- og viðskiptakerfis samkvæmt Evróputilskipun (2003/89/EC) um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan sambandsins. Ísland er aðili að þessari tilskipun en hefur fengið undanþágu fyrir þau fyrirtæki sem falla undir tilskipunina að svo stöddu (fiskimjölverkmiðjur og varaafstöðvar). Var undanþágan veitt á þeim grundvelli að þrátt fyrir að uppsett afl viðkomandi fyrirtækja sé yfir mörkum tilskipunarinnar er raunútstreymi þeirra mjög lítið þar sem þau eru aðeins starfrækt hluta úr ári. Til þess að undanþágan haldi gildi sínu þarf hins vegar að sýna fram á að markmiðum tilskipunarinnar um samdrátt í útstreymi hjá viðkomandi fyrirtækjum sé náð á annan hátt.

Mat á útstreymi þrávirkra efna.

Á árinu 2008 var í fyrsta skipti skilað til samningsins skýrslu yfir helstu niðurstöður og aðferðir við útreikninga.

Fyrirtæki skila inn Grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar. Á árinu 2008 skiluðu 54 fyrirtæki inn bókhaldi, þar af átta á réttum tíma.



Umhverfisstofnun heldur utan um útstreymisreikninga og skil á upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda.

Mengunareftirlit

Umhverfisstofnun ásamt heilbrigðisnefndum sveitarfélaga gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft mengun í för með sér. Stofnunin hefur eftirlit með stærri fyrirtækjum, stóriðju (álver, járnblendi, sement, steinull, malbikun o.fl.), fiskimjölverkmiðjum, stærri fiskeldisfyrirtækjum, olíubirgðastöðvum og meðferð úrgangs, þ.m.t. endurnýtingu, flokkun, brennslu og urðun. Hluti af eftirliti Umhverfisstofnunar hefur verið framseldur til heilbrigðisnefnda samkvæmt samningi sem gildir þar um og sinna heilbrigðisfulltrúar þá eftirlitinu.

Alls eru 91 fyrirtæki háð eftirliti frá Umhverfisstofnun og samtals er farið í á bilinu 80 til 100 eftirlitsferðir á ári. Er það breytilegt á milli ára þar sem farið er í sum fyrirtæki annað hvert ár. Mikilvægt er að vanda undirbúning eftirlitsins vel. Settar eru fram í starfsleyfum margvíslegar kröfur um eftirlit með mengunarvarnarbúnaði, skráningar á eftirliti og mælingar á virkni búnaðarins. Handbækur og tölvutækar skráningar á viðhaldi, eftirliti og mælingarniðurstöðum eru sjálfsgöður hlutur í hverju fyrirtæki. Rituð er eftirlitsskýrsla að lokinni eftirlitsferð og hún send fyrirtækinu með kröfum um úrbætur á mengunarvörnum sé þeirra þörf.

Auk eftirlitsferða og vinnu þeim tengdum fylgja ýmis störf eftirlitinu, bæði samskipti við fyrirtækin og í tengslum við margvíslegar fyrirsögnir og kvartanir frá almenningi.

Gerð var gangskör að því að fara yfir ástand olíugeyma og lagna í olíubirgðastöðvum. Geymar skulu botnþykktarmældir á tíu ára fresti og lagnir á að þrýstiprófa á fimm ára fresti og niðurstöður mælinga skal senda Umhverfisstofnun til yfirferðar. Alls barst Umhverfisstofnun botnþykktarmæling á 61 olíugeymi á síðasta ári og 78 þrýstiprófanir á lögnum stöðvanna.

Olíubirgðastöðvar þurfa að hafa góðar mengunarvarnir og mikilvægt er að olía sleppi ekki út í umhverfið. Kröfur eru gerðar um þró kringum geyma og frárennsli skal fara í gegnum olíuskilju. Frárennsli skal vera svo hreint að ekki myndist brák á vatni því sem frá olíubirgðastöðvum kemur. Mælingar skulu gerðar á frárennsli frá olíubirgðastöðvum og skulu olíuleifar í fráveituvatni ekki fara yfir 15 milljónustu hluta úr lítra (ppm).



Olíubirgðastöð á Akureyri. Næst áfyllingarplan með niðurföllum og fráveitu, fjær geymar í röðum.

Skil á upplýsingum um umhverfismál til alþjóðlegra stofnana og samninga

Umhverfisstofnun Evrópu hefur tekið saman yfirlit um skyldur er varða upplýsingar um umhverfismál til alþjóðlegra samninga eða stofnana sem aðildarríki stofnunarinnar hafa undirgengist. Tilgreindar eru á lista Íslands 230 skilaskýrslur til fjölmargra stofnana og samninga. Stærstur hluti skila er vegna Evrópugerða til EFTA og Umhverfisstofnunar Evrópu vegna EES-samningsins. Næst í röðinni hvað varðar fjölda eru skýrslur til OSPAR-samningsins um varnir gegn mengun hafsins. Umhverfisstofnun sinnir ekki öllum þessum skilaskyldum, en stórum hluta, auk þess sem einstök skýrsluskil eru ekki árleg. Nærri lætur að árlegur skilafjöldi í umsýslu Umhverfisstofnunar sé um 40. Upplýsingarnar sem Umhverfisstofnun veitir eru meðal annars notaðar í skýrslur um stöðu umhverfismála þar sem sjá má stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd. Í því samhengi er vísað í fjölmargar skýrslur

91 fyrirtæki er háð eftirliti frá Umhverfisstofnun og samtals er farið í 80-100 eftirlit á ári.

Umhverfisstofnun skilar um 40 svonefndum skilaskýrslum á ári sem til eru komnar vegna upplýsingaskyldu um umhverfismál.



Umhverfisstofnunar Evrópu, Heimskautsráðsins og OSPAR-samningsins.

(<http://rod.eionet.europa.eu/obligations?anmode=P>)

(<http://eea.europa.eu>)

(<http://www.amap.no/>)

(<http://www.ospar.org/>)

Raf- og rafeindatækjaúrgangur.

Með breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, var komið á ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjum. Frá og með 1. janúar 2009 bera framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn hingað til lands.

Neytendur geta skilað raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum án endurgjalds á söfnunarstöðvar sveitarfélaga. Sá sem skilar öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi þarf að borga fyrir geymslu og móttöku á söfnunarstöð en framleiðendur greiða kostnað fyrir endurnýtingu og förgun.

Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst í því að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun úrgangsins að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga. Ábyrgð framleiðanda og innflytjenda nær til landsins alls án tillits til þess hvar varan er seld.


Markmið lagabreytingarinnar er að draga úr myndun raf- og raftækjaúrgangs, auka endurnýtingu og endurnotkun á slíkum úrgangi og vinna að aukinni umhverfisvitund allra sem koma að vörunni á lífsferli hennar.

Framleiðendur og innflytjendur eiga að vera aðilar að skilakerfi, annað hvort sínu eigin skilakerfi eða sameiginlegu skilakerfi fleiri framleiðenda og innflytjenda. Hlutverk skilakerfa er margþætt:

- kosta geymslu frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga
- tryggja söfnun og móttöku frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga í samráði við sveitarfélögin alls staðar á landinu
- tryggja að raf- og rafeindatækjaúrgangur sé meðhöndlaður af atvinnurekstri sem hefur gilt starfsleyfi
- tryggja endurnýtingu


Umhverfisstofnun hefur gefið einu skilakerfi rekstrarleyfi og ber það heitið RR-skil.

Haldin er skrá yfir alla framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja hér á landi sem bera skyldu til þess að skrá sig. Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs heldur utan um skrá yfir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja og hefur eftirlit með því að þeir séu skráðir í skráningarkerfið.



Mynd 1. Vindrós fyrir desember 2008 sem sýnir eingöngu þær vindáttir þegar styrkur SO₂ var meiri en 5µg/m³.

Tölurnar ofarlega hægra megin sýna tíðnidreifingu vindáttar sem hlutfall af einum. Þannig má sjá að þá daga sem styrkur SO₂ er meiri en 5µg/m³ er vindáttin úr þeirri stefnu sem oddur vindrósarinnar bendir á 50% af tímanum.



Mynd 2: Vindrós fyrir desember 2008 sem sýnir eingöngu þær vindáttir þegar styrkur H₂S var meiri en 5µg/m³.

Tölurnar ofarlega hægra megin sýna tíðnidreifingu vindáttar sem hlutfall af einum. Þannig má sjá að þá daga sem styrkur H₂S er meiri en 5µg/m³ er vindáttin úr þeirri stefnu sem oddur vindrósarinnar bendir á 27% af tímanum. Sjá má að einhvern hluta tímans er styrkur H₂S meiri en 5µg/m³ í suðvestan átt. Á sama hátt má lesa af að það sé í 6% tilfella.

Vindrósirnar eru unnar upp úr gögnum frá mælistöð við Hvaleyrarholt og sýna upptök SO₂ mengunar annarsvegar og H₂S mengunar hinsvegar.

Loftgæðamál

Árið 2008 var þriðja árið sem brennisteinsvetni er mælt á Grensásvegi í Reykjavík en mælingar þar hófust í febrúar 2006. Mælistöðin á Grensásvegi er rekin í samstarfi Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar. Síðan þá hefur mælingin fyrir brennisteinsvetni verið að þéttast. Rekstur loftmælistöðvar við Hvaleyrarholt í Hafnarfirði sem Umhverfisstofnun rekur í samvinnu við álverið í Straumsvík hófst í ágúst 2007, m.a. mælt brennisteinsvetni. Í maí 2008 tók Heilbrigðiseftirlit Hafnarjarðar og Kópavogssvæðis í notkun nýja færanlega mælistöð sem meðal annars mælir brennisteinsvetni.

Brennisteinsvetni er nú mælt á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Hugbúnaður í nýjustu mælistöðvunum auðveldar mjög samkeyrslu loftmæligagna með veðurgögnum og núna er hægt með nokkrum músarsmellum að framkvæma útreikninga sem áður tóku góðan part úr degi. Sem dæmi um það má nefna samkeyrslu loftmæligagna

og vindáttar. Meðfylgjandi myndir eru unnar upp úr gögnum frá mælistöðinni við Hvaleyrarholt og sýna mismunandi upptök annars vegar SO₂ mengunar og hins vegar H₂S mengunar.

Innleiðing REACH reglugerðarinnar á Íslandi

Alþingi Íslands samþykkti í lok maí 2008 lög um efni og efnablöndur. Lögin voru m.a. sett til þess að innleiða REACH, reglugerð Evrópusambandsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (*Registration, Evaluation, Authorisation and Restriction of Chemicals, REACH*). Reglugerð Evrópusambandsins hefur í för með sér nýjar skyldur fyrir íslensk fyrirtæki sem framleiða eða flytja inn efni, efnablöndur eða hluti sem innihalda efni á evrópska efnahagssvæðið.

Reglugerð Evrópusambandsins var birt í heild sinni í reglugerð nr. 750/2008 (REACH) og tók hún strax gildi. Eitt af mikilvægustu ákvæðum

Heilbrigðiseftirlit Hafnarjarðar og Kópavogssvæðis tók í notkun nýja færanlega mælistöð í maí 2008.

REACH reglugerðin hefur víðtæk áhrif á framleiðslu, innflutning, markaðssetningu og notkun á efnum og efnablöndum hér á landi.

Mörg fyrirtæki þurftu að leggja í töluverða vinnu til að athuga hvort þau hefðu skyldum að gegna gagnvart REACH reglugerðinni.

Þessarar nýju reglugerðar er að öll efni, hvort sem þau eru hrein, í efnablöndum eða í hlutum, ber að skrá hjá Efnastofnun Evrópu í Helsinki (ECHA) áður en þau eru markaðssett eða notuð. Það er á ábyrgð framleiðanda eða innflytjanda efnis að það sé skráð. Bráðabirgðafrestir vegna skráningar efna sem höfðu verið á markaði fyrir gildistöku reglugerðarinnar voru gefnir í allt að 10 ár, en til að nýta sér þessa fresti urðu fyrirtæki að forskrá efni sín á tímabilinu 1. júní – 1. desember 2008. Forskráningunni var einnig ætlað að auðvelda fyrirtækjum að komast í samband við skráningaraðila sama efnis, deila með þeim gögnum og minnka kostnað við skráninguna.



Lista yfir öll efni sem voru forskráð vegna REACH-reglugerðarinnar á evrópska efnahagssvæðinu má finna á heimasíðu Efnastofnunar Evrópu (echa.europa.eu)

Umhverfisstofnun gaf út átta starfsleyfi á árinu 2008, þar af eitt til væntanlegs álvers í Helgúvik.

Vefsíða Efnastofnunar Evrópu (echa.europa.eu).

Haldnar voru kynningar um REACH reglugerðina og mikilvægi forskráningar en íslensk fyrirtæki tóku nokkuð hægt við sér. Þegar þrjár vikur voru til stefnu höfðu einungis 7 fyrirtæki, skráð á Íslandi, forskráð efni. Við lok forskráningartímabilsins kom í ljós að 25 fyrirtæki höfðu skráð alls um 156 mismunandi efni og er það minnsti fjöldi forskráninga á Evrópska efnahagssvæðinu, jafnvel þó tekið sé tillit til íbúafjölda. Íslenskum fyrirtækjum sem framleiða eða flytja inn efni í meira magni en 1 tonn á ári og sem hafa ekki forskráð efni, er nú óheimilt að framleiða þau eða flytja þau inn.

Öll efni ber að skrá hjá Efnastofnun Evrópu í Helsinki (ECHA) áður en þau eru markaðssett eða notuð.

Lista yfir öll efni sem voru forskráð á evrópska efnahagssvæðinu má finna á heimasíðu Efnastofnunar Evrópu (echa.europa.eu)

Nánari upplýsingar um REACH reglugerðina og áhrif hennar á íslensk fyrirtæki má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar (umhverfisstofnun.is) og á heimasíðu Efnastofnunar Evrópu.

Kynningarráðstefna um REACH

Þann 18. september 2008 stóðu Umhverfisstofnun, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Félag íslenskra stórkaupmanna fyrir kynningarráðstefnu um nýja reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Ráðstefnan fór fram á Hótel Sögu. Tílfni ráðstefnunnar var útgáfa ofangreindrar reglugerðar sem hefur víðtæk áhrif á framleiðslu, innflutning, markaðsetningu og notkun á efnum og efnablöndum hér á landi. Ráðstefnan var einkum ætluð fyrirtækjum sem hafa nýjum skyldum að gegna skv. reglugerðinni en einnig ætluð þeim sem vildu kynna sér reglugerðina betur.

Doris Thiemann, frá Efnastofnun Evrópu, sagði frá helstu markmiðum Efnastofnunarinnar og REACH. Einnig hélt hún erindi um forskráningu efna og hvar fyrirtæki geta fengið stuðning og upplýsingar um REACH. Þá komu fram á ráðstefnunni Sigríður Kristjánsdóttir frá Umhverfisstofnun sem fór yfir

Íslensk fyrirtæki tóku hægt við sér þegar haldnar voru kynningar um REACH reglugerðina og mikilvægi forskráningar. Þegar þrjár vikur voru eftir af skilafresti, höfðu einungis 7 fyrirtæki, skráð á Íslandi forskráð efni. Við lok skilafrests höfðu 25 fyrirtæki skráð 156 mismunandi efni. Það er minnsti fjöldi forskráninga á evrópska efnahagssvæðinu.

helstu skyldur íslenskra fyrirtækja og Bryndís Skúladóttir frá Samtökum iðnaðarins sem talaði um breytt lagaumhverfi og ábyrgð framleiðenda.

Ráðstefnan var vel sótt af um 70 þáttakendum og voru umræður góðar. Flestir voru að einhverju leyti búnir að kynna sér reglugerðina en ljóst var að mörg fyrirtæki þurftu að leggja í töluverða vinnu til að athuga hvort þau hefðu skyldum að gegna gagnvart þessari nýju reglugerð.

Eftirlitsverkefni á sund- og baðstöðum

Hollustuhópur, sem er samstarfshópur Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar, ákvað á haustmánuðum ársins 2007 að skipuleggja eftirlitsverkefni á sundstöðum á landsvísi og var það unnið sumarið 2008. Markmið verkefnisins var að

kanna hver staðan væri á þeim þáttum innra eftirlits er snúa að öryggismálum og heilnæmi baðvatns á sundstöðum og í kjölfarið að stuðla að úrbótum ef í ljós kæmi að þeirra væri þörf. Verkefnið skiptist í tvennt. Annars vegar voru spurningar um innra eftirlit lagðar fyrir ábyrgðaraðila sundstaðanna og hins vegar tekin vatnssýni úr öllum tegundum lauga og heitra potta til örverumælinga og mælinga á klórmagni og sýrustigi. Öll heilbrigðiseftirlitssvæðin tíu tóku þátt í verkefninu. Alls voru 125 sundstaðir heimsóttir, þar sem spurningar voru lagðar fyrir ábyrgðaraðila. Niðurstöður örverusýna bárust frá 9 heilbrigðiseftirlitssvæðum, samtals úr 374 sýnum. Verkefnið er einnig liður í að samræma framkvæmd heilbrigðiseftirlits á landsvísi. Skýrsla um verkefnið verður birt á fyrri hluta ársins 2009.

Eftirlitsverkefni á sundstöðum á landsvísi.

125 sundstaðir voru heimsóttir með það að markmiði að kanna stöðu á þeim þáttum innra eftirlits sem snúa að öryggismálum og heilnæmi baðvatns.

Ekki er vitað hvaða einstök efni hafa mest áhrif á vanlíðan og óþægindi í rakaskemmdu húsnæði.



Námskeið um eftirlit með rakaskemmdu húsnæði

Umræða um myglu í rakaskemmdu húsnæði og áhrif hennar á heilsu hefur farið vaxandi undanfarin ár, bæði hér á landi og í nágrennalöndum okkar. Margar rannsóknir hafa verið gerðar víða um heim og benda niðurstöður þeirra til þess að tengsl séu á milli raka í húsnæði og einkenna í öndunarvegi, astma og ofnæmi. Einnig virðast vera tengsl milli raka í húsnæði og annarra einkenna, s.s höfuðverks, þreytu og kvilla í öndunarvegi.

Námskeið um innivist með áherslu á raka og mygluskemmdir.

Þann 24. október 2008 hélt Umhverfisstofnun námskeið um innivist með áherslu á raka og mygluskemmdir. Fyrirlesari var Kjell Andersson, yfirlæknir á Vinnu- og umhverfissjúkdómadeild Háskólasjúkrahúsins í Örebro í Svíþjóð, en hann er byggingaverkfræðingur og læknir að mennt. Hann hefur áratuga reynslu á þessu sviði og hefur skrifað margar greinar um málefnið.

Fram kom á námskeiðinu að þegar um sveppa- og mygluvandamál er að ræða í húsnæði, sem stafa af miklum raka og eða leka, sé mikilvægast að byrja á að finna orsakirnar, lagfæra skemmdirnar

og þrifa burt myglu og sveppi. Kjell Anderson telur að yfirleitt sé óþarfi að leggja í kostnað vegna sýnatöku einkum þegar þekkingu skortir til að meta niðurstöðurnar. Peningunum sé betur varið í að koma í veg fyrir leka og raka og í viðgerðir á skemmdu húsnæði.

Margar tilgátur hafa verið settar fram um hvað það sé í rakaskemmdu húsnæði sem valdi vanlíðan og óþægindum, t. d. efnaútgufun úr röku byggingarefni, niðurbrotsefni úr lími eða efni af örverufræðilegum uppruna. Óvíst er hvaða einstök efni hafa mest áhrif, en fáar ef nokkrar vísbendingar eru um hvaða þættir í húsnæði hafi áhrif á ónæmiskerfið (nema rykmaurar og pelsdyr).

Námskeiðið sem var mjög vel sótt, var fyrst og fremst ætlað heilbrigðisfulltrúum en var að hluta til opið almenningi.

Námskeið um notkun varnarefna til eyðingar meindýra

Umhverfisstofnun hélt námskeið um notkun varnarefna til eyðingar meindýra í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti, dagana 6. og 7. nóvember 2008. Námskeiðið var einkum



ætlað þeim sem vilja öðlast réttindi til þess að kaupa og nota varnarefni í hættuflokkum X og A og starfa sem meindýraeyðar.

Alls voru nemendur á námskeiðinu 23 talsins. Kennarar voru sérfræðingar frá m.a. Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, Vinnueftirliti ríkisins, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í Lyfjafræði, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, Meindýravörnum Reykjavíkurborgar og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar. Verklegur hluti námskeiðsins var í umsýslun Meindýravarna Reykjavíkurborgar, en sá hluti fólst í kynningu á hlífðarbúnaði, gildrum og verklegum aðgerðum við að leggja út útrýmingarefni.

Heilbrigðisfulltrúanámskeið

Umhverfisstofnun hélt námskeið fyrir heilbrigðisfulltrúa í samvinnu við Matvælastofnun, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dagana 17. til 20. nóvember 2008. Hluti námskeiðsins, er varðar matvælaeftirlit fór fram hjá Matvælastofnun á Selfossi en sá hluti sem varðar hollustuhætti, eftirlit með efnavörum og mengunarvarnir var haldinn í húsnæði Umhverfisstofnunar að Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík. Leyfi umhverfisráðherra þarf til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi og eitt af skilyrðum þess er að viðkomandi að hafi sótt námskeið um stjórnsýslu, lög og reglugerðir sem heilbrigðisfulltrúum ber að sjá um að sé framfylgt. Alls sóttu níu þátttakendur námskeiðið að þessu sinni, allt konur.

Á námskeiðinu var þátttakendum kynnt í fyrirlestrum þau lög og reglur er varða heilbrigðiseftirlitið, en einnig var farið í vettvangsferðir. Vettvangsferð var farin í matvöruverslun og merkingar á efnavörum voru skoðaðar og yfirfarnar. Einnig var farin vettvangsferð á leiksvæði.

Leyfi umhverfisráðherra þarf til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi og eitt af skilyrðum þess er að viðkomandi hafi sótt námskeið um stjórnsýslu, lög og reglugerðir sem heilbrigðisfulltrúum ber að sjá um að sé framfylgt.






UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ:

**GERA UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL
AÐGENGILEGAR ALMENNINGI OG HAGSMUNAAÐILUM
OG GERA ÞEIM ÞANNIG KLEIFT AÐ HAFA ÁHRIF Á
UMHVERFI SITT**

**KYNNA RÉTT ALMENNINGIS TIL AÐ NJÓTA ÚTIVISTAR
Í NÁTTÚRUNNI OG MEÐ ÞVÍ BÆTA OG TRYGGJA
LÝÐHEILSU LANDSMANNA**



VERKEFNI ER VARÐA MARKMIÐ UM UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL OG ALMANNARÉTT


Útgáfu- og kynningarmál

Ákveðið var hjá Umhverfisstofnun að leggja aukna áherslu á fræðslu og upplýsingamál. Talsvert af kynningarefni stofnunarinnar er komið til ára sinna og kallar á endurskoðun, á það bæði við um efni í rafrænu formi sem og prentað efni. Ráðinn var nýr upplýsingafulltrúi sem mun hafa umsjón með útgefnu efni stofnunarinnar. Lagt var í talsverða undirbúningsvinnu á árinu þar sem farið var yfir áður útgefið efni og útgáfuáætlun næsta árs mótuð. Umhverfisstofnun fékk á árinu nýtt merki og samhliða því nýja ímynd sem mun móta grunnútlit útgefins efnis í framtíðinni. Gefnir voru út tveir bæklingar, annars vegar um akstur utan vega og hins vegar um friðlandið Surtsey, sem komst á heimsmínjaskrá á árinu. Bæklingnum um akstur utan vega var dreift víða um land m.a. á bílaleigum og í ökuskóla. Einnig var gerður ísskápasegull með helstu umhverfismerkjum og vottunum um lífræna ræktun sem er hluti af átaki til eflingar Svansmerkisins á Íslandi á næstu árum. Nokkrar kynningarráðstefnur voru haldnar á árinu auk námskeiða. Umhverfisstofnun tekur árlega á móti fjölmörgum hópum er vilja fræðast um starfsemi stofnunarinnar. Oft kvikna skemmtilegar umræður í slíkum móttökum, s.s. um loftslagsmál, náttúruvernd og mengun enda áhugaverð og brýn viðfangsefni.

Mikil áhersla er lögð á fræðslu- og upplýsingamál hjá Umhverfisstofnun.

TÖLFRÆÐI ÁRSINS

Landvarðavikur árin 2003-2008



Mikilvægi landfræðilegra upplýsingakerfa fer vaxandi í starfsemi Umhverfisstofnunar. Á árinu var ráðinn nýr starfsmaður til úrvinnslu landfræðilegra gagna.



Nokkrar kynningarráðstefnur voru haldnar á árinu auk námskeiða. Umhverfisstofnun tekur árlega á móti fjölmörgum hópum er vilja fræðast um starfsemi stofnunarinnar.

Svið fræðslu- og upplýsingamála

Niðurstaða stefnumótunarvinnu árið 2007 var sú að efla þyrfti fræðslu- og upplýsingamál Umhverfisstofnunar. Stofnað var svið fræðslu- og upplýsingamála sem öðlaðist sess í nýju skipuriti Umhverfisstofnunar sem tók gildi þann 1. janúar 2008. Meginverkefni sviðsins eru útgáfu- og ímyndarmál, uppfærsla vefsvæða, upplýsingatækni og gagnagrunnar, námskeiðshald, upplýsingamiðlun, gagnaskil vegna alþjóðasamninga, landfræðileg upplýsingakerfi, rekstur bókasafns, umsjón Svansmerkisins og upplýsingagjöf til almennings. Þrír nýir starfsmenn voru ráðnir til sviðsins á árinu. Kristinn Már Ársælsson var ráðinn í starf upplýsingafulltrúa, Anne Maria Sparf var ráðin tímabundið við að efla umhverfismerki o.fl. og Jón Örvar G. Jónsson ráðinn vegna landfræðilegra upplýsingakerfa. Heildarstöðugildi í lok ársins 2008 voru átta.

Borgarafundir um drög að starfsleyfum

Umhverfisstofnun hélt þrjá opna borgarafundi á árinu til að kynna drög að starfsleyfi fyrirtækja fyrir íbúum á starfssvæðum þeirra. Tilgangurinn með slíkum fundum er að upplýsa nágretta og aðra hagsmunaaðila um starfsemina og umhverfisáhrif hennar og minna á þann möguleika að gera athugasemdir við drögin. Á fundunum er gefinn kostur á opnum umræðum á eftir kynningu þar sem hægt er að spyrjast fyrir um einstök atriði. Stofnunin telur reynsluna af borgarafundunum góða og mikilvægt að fjölga þeim í framtíðinni.

Þann 21. ágúst var haldinn borgarafundur í Reykjanesbæ þar sem kynnt voru starfsleyfisdrög fyrir væntanlegt álfur í Helguvík. Meðal annars voru kynnt losunarmörk er sett eru fyrir fyrstu ár starfsemi hins væntanlega álvers. Móttökur voru góðar, nokkrar fyrirspurnir komu fram en fáar athugasemdir.

Haldnir voru þrír borgarafundir til að kynna drög að starfsleyfum fyrirtækja.

Þrír starfsmenn ráðnir á árinu á svið fræðslu- og upplýsingamála.



Sjálfbóðaliðar í náttúruvernd
Alþjóða-
sjálfbóðaliðar
í náttúruvernd


hafa unnið í þjóðgörðum og friðlýstum svæðum á Íslandi í 30 ár. Fyrsta verkefnið var unnið

í Vesturdal, Jökulsárgljúfrum í Vatnajökulsþjóðgarði árið 1977. Í júní 2008 var haldið upp á 30 ára afmælið með móttöku og myndasýningu hjá Umhverfisstofnun. Um 70 gestir, ásamt umhverfisráðherra, Þórunni Sveinbjarnardóttur,

og sendiherra Breta, Alp Mehmet, komu í móttöku sem Umhverfisstofnun hélt. Meðal gesta voru þrír sjálfbóðaliðar sem tóku þátt í fyrsta sjálfbóðaliðaverkefninu árið 1977.

TÖLFRÆÐI ÁRSINS

Mat á umhverfisáhrifum



Drög að starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar á Akranesi kynnt.

Kynnt voru drög að nýju starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar á Akranesi 8. september. Auk kynningar Umhverfisstofnunar fór framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar yfir aðferðir við að uppfylla kröfur starfsleyfisins og fyrirkomulag varðandi notkun eldsneytis sem er unnið úr úrgangi. Bæjarbúar fylltu bæjarþingsalinn og urðu líflegar umræður að kynningu lokinni um starfsleyfið og reynsluna af samþýli íbúa og verksmiðju. Þar var rætt um gildistíma starfsleyfisins, notkun eldsneytis sem unnið er úr úrgangi, geymslu úrgangs á verksmiðjusvæðinu, lyktarmengun frá verksmiðjunni, mengunarmælingar, tengsl við skipulag og framtíðaráætlanir sveitarfélagsins, flutninga til og frá svæðinu og rykmengun frá verksmiðjusvæðinu auk lögfræðilegra atriða varðandi leyfisveitinguna.

Opinn kynningarfundur á Siglufirði um drög að starfsleyfi fyrir Seyru ehf.

Þann 15. september var haldinn opinn kynningarfundur á Siglufirði þar sem kynnt voru drög að starfsleyfi fyrir Seyru ehf. vegna móttöku og flokkunar heimilísúrgangs, móttöku á flokkuðum pappír-, pappa- og plastúrgangi frá fyrirtækjum og jarðgerðar lífræns heimilísúrgangs. Helstu atriði sem spurt var um að kynningu lokinni tengdust nálægð athafnasvæðis Seyru ehf. við byggð, geymslu úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins og mögulegri lyktarmengun frá starfsemi.



Aukin samvinna stofnana er til þess fallin að stuðla að samræmingu í vöktun og við framsetningu umhverfisupplýsinga. Tengslanet umhverfisstofnana í Evrópu mun leggja vörður til þess að tryggja samfelli við innleiðingu á samþættu upplýsingakerfi fyrir Evrópu (SEIS) og gera tillögur að góðu verklagi.

Evrópskt tengslanet umhverfisstofnana á sviði upplýsingatækni (NESIS)

Umhverfisstofnun tekur þátt í evrópsku tengslaneti umhverfisstofnana á sviði upplýsingatækni sem stutt er af áætlun Evrópusambandsins á sviði upplýsingatækni (ICT-PSP). Markmiðið er að stuðla að notkun upplýsingatækni til þess að takast á við vandamál sem tengjast vöktun og meðferð umhverfisupplýsinga. Aukin samvinna stofnana er til þess fallin að stuðla að samræmingu í vöktun og við framsetningu umhverfisupplýsinga. Tengslanet mun leggja vörður til þess að tryggja samfelli við innleiðingu á samþættu upplýsingakerfi fyrir Evrópu (SEIS) og gera tillögur að góðu verklagi. Fyrsti hluti verkefnisins, hvað Ísland varðar, var að taka saman skýrslu yfir stöðu mála hér á landi, gera grein fyrir innlendra tæknilausn (náttúruvefsjáin) og kynna niðurstöðurnar á ráðstefnu í tengslum við fund tengslanetsins. Framlag Íslands, skýrslur og fyrirlestra, má nálgast á heimasíðu verkefnisins (<http://www.nesis.eu>). Næstu skref eru að halda ráðstefnu innanlands með hagsmunaaðilum til þess að uppfæra stöðuskýrsluna og til að kynna niðurstöður verkefnisins hér á landi.

Almannaréttur

Hver er réttur og hverjar eru skyldur þeirra sem ferðast um Ísland? Í lögum um náttúruvernd eru ákvæði sem fjalla um almannarétt, umgengni og útivist. Þar segir að öllum sé heimilt að fara um landið og njóta náttúru þess svo fremi að gengið sé vel um og þess gætt að spilla engu. Heimilt er að fara um óráktað eignarlönd án sérstaks leyfis. Réttihöfum lands er heimilt að takmarka með merkingum ferðir manna um eignarlönd. Lönd í eigu ríkisins, svo sem náttúruverndar- og skógræktarsvæði, eru öllum opin með fáum undantekningum. Hægt er að takmarka umferð tímabundið, svo sem yfir varptíma eða vegna gróðurverndar.





UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ:

VINNA AÐ VERND, VIÐHALDI,
ENDURHEIMT OG NÝTINGU ÞEIRRA
AUÐLINDA SEM FELAST Í NÁTTÚRU
ÍSLANDS BYGGÐ Á SJÓNARMÍÐUM
UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ,
VARÐVEISLU JARÐMYNDANA OG
LANDSLAGSHEILDA



VERKEFNI ER VARÐA MARKMIÐ UM VERND, VIÐHALD, ENDURHEIMT OG NÝTINGU Á NÁTTÚRU ÍSLANDS

Surtsey á heimsminjaskrá UNESCO 2008

Þann 7. júlí 2008 var tilkynnt á fundi heimsminjanefndar UNESCO í Kanada að Surtsey hefði verið samþykkt á heimsminjaskrá sem einstakur staður náttúruminja á heimsmælikvarða. Heimsminjanefnd UNESCO samþykkti einróma að einstakt alþjóðlegt mikilvægi Surtseyjar lægi í rannsóknnum og vöktun á landnámi dýra og plantna ásamt þróun og framvindu lífríkis Surtseyjar.

Árið 1996 undirrituðu íslensk stjórnvöld UNESCO-samninginn frá 1972 og viðurkenndu þar með nauðsyn verndunar, þar sem það er talið skaða arfleifð allra þjóða heims ef einhver hluti hinnar menningarlegu eða náttúrulegu arfleifðar spillist eða hverfur.



Surtsey er annað svæðið á Íslandi sem tekið er á heimsminjaskrá UNESCO. Árið 2004 voru Þingvellir samþykktir á skrána sem einstakur staður menningarminja.

vernda viðkvæma náttúru og til að stuðla að því að eyjan fái að þróast eftir lögmálum náttúrunnar án áhrifa eða afskipta mannsins. Þessi framsýna, en jafnframt umdeilda, friðun árið 1965, ásamt vöktun og rannsóknum vísindamanna á lífríki og jarðfræði eyjarinnar, á stóran þátt í því að Surtsey er nú á heimsminjaskrá UNESCO.

Samstarfssamningur Umhverfisstofnunar og Samtaka Náttúrustofa á Íslandi

Umhverfisstofnun undirritaði í október samstarfssamning við Samtök Náttúrustofa á Íslandi um samstarf á sviði vöktunar friðlýstra svæða. Markmið samningsins er að efla samstarf og faglegt samráð ofangreindra aðila um vöktun á friðlýstum svæðum á Íslandi. Þannig eflist starfsemi stofnananna meðal annars með samvinnu starfsfólks, ríkari gagnaöflun og aukinni þekkingu

á náttúrufari friðlýstra svæða á Íslandi. Með þessu móti er mætt mikilli og vaxandi þörf fyrir vöktun á friðlýstum svæðum. Lögð verði áhersla á að samstarfið leiði til mótunar aðferða við vöktun og aukins samstarfs milli stofnananna. Gert er ráð fyrir að verkefni á sviði vöktunar hefjist á árinu 2009 með nokkrum verkefnum í samstarfi við viðeigandi náttúrustofur.

Samstarf Umhverfisstofnunar og Umhverfis- og auðlindafræða við HÍ

Umhverfisstofnun og meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands gerðu með sér samning um samvinnu í rannsóknum og þjálfun nemenda á sviði umhverfismála. Samningnum er ætlað að taka til annars vegar rannsóknarverkefna til meistaraþrófs og hins vegar námsdvalar nemenda hjá Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun lítur á samninginn sem mikilvægt tækifæri til þess að treysta samskipti við háskólann og til að nýta þá auðlind sem felst í nemendum hans. Samstarfið mun í megindrættum snúast um eftirtalin verkefni:

- Vinna að vernd, viðhaldi, endurheimt og nýtingu þeirra auðlinda sem felast í náttúru Íslands með sjónarmiðum um líffræðilega fjölbreytni.
- Varðveislu jarðmyndana og landslagsheilda.



Það voru Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar og Þóra Ellen Þórhallsdóttir, formaður stjórnar náms í umhverfis- og auðlindafræði sem undirrituðu samninginn. Á myndinni ber einnig að líta Hjalta J. Guðmundsson, sviðstjóra sviðs Náttúruauðlinda, Gunnlaugu Einarsdóttur, sviðstjóra sviðs Umhverfisgæða og Brynhildi Davíðsdóttur, dósent við Háskóla Íslands og forstöðumann meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræði.

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.
- Draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans.

Friðun Surtseyjar árið 1965 var framsýn en umdeild. Í dag á friðunin ásamt vöktun vísindamanna frá upphafi stóran þátt í því að Surtsey var sett á heimsminjaskrá UNESCO á árinu.

Surtsey er annað svæðið á Íslandi sem tekið er á heimsminjaskrá UNESCO, en árið 2004 voru Þingvellir samþykktir á skrána sem einstakur staður menningarminja. Heimsminjaskrá telur 878 svæði víðs vegar um heim en þar af eru einungis 174 svæði skráð sem náttúruminjar á heimsmælikvarða.

Surtsey var friðlýst árið 1965 meðan gosvirkni var enn í gangi og var friðunin bundin við eldfjallið ofansjávar. Þegar ákveðið var að tilnefna Surtsey á heimsminjaskrána árið 2006 var friðlandið stækkað verulega og er nú um 65 ferkílómetrar að stærð og nær yfir Surtsey alla, þ.e. eldfjallið ofansjávar og neðansjávar, neðansjávareldfjöllin Jólni, Syrtling og Surtlu og hafsvæðið umhverfis eldstöðina.

Með friðlýsingunni 1965 voru ferðir manna út í eyna bannaðar nema til vísindarannsókna og vöktunar og þá að fengnu sérstöku leyfi. Gildir það enn þann dag í dag og er fyrst og fremst gert til að forðast aðflutning lífvera af mannavöldum, til að

Sandrækja

Sandrækja (Crangon crangon) sást fyrst hér við land á Álftanesi árið 2003. Hafrannsóknastofnunin hefur staðið fyrir sýnatöku á Blikastaðaleiru í Mosfellssveit með reglubundu millibili frá árinu 1997 en þar sást sandrækjan í fyrsta sinn árið 2004. Stofnunin stóð síðan fyrir viðtækri rannsókn á útbreiðslu sandrækju árið 2006 og fannst hún meðfram allri suður og vesturströnd landsins, en ekki fyrir norðan og austan. Búast má við að það sé einungis um tímaspursmál að ræða að hún nái fótfestu hringinn í kringum landið. Sandrækjan á sér búsvæði frá Hvítahafi og norður- Noregi, að strönd Finnlands í



Eystrasalti og inn í Miðjarðarhaf og Svartahaf. Þar sem sandrækja finnst við norður-Noreg er ekki hægt að rekja fund hennar hér við land til hlýnunar sjávar, enda er sviflægt lírfustig


of stutt til að hún berist með straumum frá Skotlandi eða Noregi til Ísland. Líklegast er að lírfur hafi borist hingað með kjölfestuvatni.

Umhverfisstofnun heldur bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með rétttri flokkun og merkingu eitufrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

TÖLFRÆÐI ÁRSINS

Sjálfbóðaliðavikur 2003-2008



Sjálfbóðaliðastarf til náttúruverndar er ómetanlegt. Á síðasta ári störfuðu 220 sjálfbóðaliðar að ýmsum verkefnum og skiluðu samtals 565 verklegum vinnuvikum.



Þjálfun og verkleg kunnátta er mjög mikilvægur hluti af verkefninu og Umhverfisstofnun vinnur í samstarfi við Háskólann að Hólum að þróun á sjálfbóðaliðanámskeiði á árinu 2009.

30 ára afmæli sjálfbóðaliðastarfs

Umhverfisstofnun fagnaði því að þrjátíu ár eru liðin frá heimsókn alþjóðlegra náttúruverndarsjálfbóðaliða er hófu störf í Þjóðgördum og á friðlýstum svæðum á Íslandi. Fyrstu sjálfbóðaliðarnir tóku þátt í verkefni í Vesturdal í Jökulsárgljúfri árið 1978 þar sem reistur var steinveggur um skála Þjóðgarðsvarðar. Sá hópur var hluti af bresku teymi sem var í tengslum við ein stærstu sjálfbóðaliðasamtök Bretlands,

Sjálfbóðaliðastarf

Sumarið 2008 unnu á vegum Umhverfisstofnunar 220 alþjóðasjálfbóðaliðar í verkefnum á friðlýstum svæðum um land allt. Aðalverkefni sjálfbóðaliðanna er viðhald og lagfæring á göngustígum. Meðal annarra verkefna er að lagfæra steinhlaðna stíga, niðurföll meðfram stígum og smíði viðarbrúa yfir þá. Samhliða áframhaldandi vinnu við fyrri verkefni hafa ný verkefni bæst við. Á árinu bættust við ný verkefni á Hveravöllum og Hornströndum. Auk svæða sem eru í umsjá Umhverfisstofnunar hafa sjálfbóðaliðarnir starfað á öðrum svæðum í samstarfi við önnur félög og stofnanir. Stór hluti verkefna er unninn og skipulagður í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð og felur í sér vinnu í Skaftafelli, í Jökulsárgljúfrum og á Lakasvæðinu. Þjálfun og verkleg kunnátta er mjög mikilvægur hluti af verkefninu og Umhverfisstofnun vinnur í samstarfi við Háskólann að Hólum að þróun á sjálfbóðaliðanámskeiði á árinu 2009. Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar skiluðu yfir 565 vikum á árinu í verklegri náttúruverndarvinnu um land allt.

Fjöldi sjálfbóðaliða kemur erlendis frá til þess að sinna þessu mikilvæga starfi.



Charles J. Goemans hlýtur viðurkenningu fyrir skipulag sjálfbóðaliðastarfs Umhverfsviðurkenningar Hornafjarðar fyrir árið 2007 voru afhentar í Freysnesi á degi umhverfisins 25. apríl 2008 og hlaut Charles J. Goemans viðurkenningu fyrir að skipuleggja og halda utan um starf sjálfbóðaliða á vegum Umhverfisstofnunar og vinnu í nánu samstarfi við bresku sjálfbóðaliðasamtökin BTCV.

Ráðherra þakkaði sjálfbóðaliðum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og allra Íslendinga fyrir það óeigingjarna og mikilvæga starf er þeir hafa unnið hérlendis síðastliðna þrjá áratugi.

BTCV. Í framhaldi af þessari heimsókn bauð Náttúruverndarráð BTCV aftur til Íslands með það að markmiði að koma á fót sjálfbóðaliðastarfi hérlendis. Það tókst og voru stofnuð Sjálfbóðaliðasamtök um Náttúruvernd sem enn starfa í dag.

Starf sjálfbóðaliða er mikilvægur hluti af náttúruvernd á Íslandi. Sjálfbóðaliðar hafa unnið að margvíslegum verkefnum hérlendis síðustu áratugi, svo sem að stígagerð, merkingum, uppgræðslu, bættu aðgengi og ýmis konar viðhaldi svo eitthvað sé nefnt. Umhverfisstofnun hefur umsjón með sjálfbóðaliðastarfinu og vinnur í nánu samstarfi við ýmis samtök og stofnanir, þar á meðal BTCV.

Umhverfisráðherra þakkaði sjálfbóðaliðum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og allra Íslendinga fyrir það óeigingjarna og mikilvæga starf er þeir hafa unnið hérlendis síðastliðna þrjá áratugi. Einnig vonaðist ráðherra eftir því að sjálfbóðaliðastarfið héldi áfram að vaxa og dafna í framtíðinni. Rupert Evenett talaði fyrir hönd BTCV samtakanna og ræddi sérstaklega um hversu jákvæð félagsleg áhrif slíkt sjálfbóðaliðastarf hefur, ekki aðeins fyrir sjálfbóðaliðana sjálfa heldur einnig um áhrif sem leiða af verkum þeirra – svo sem auknum tækifærum til útivistar. Kristín Linda, forstjóri Umhverfisstofnunar þakkaði sjálfbóðaliðum fyrir vel unnin störf og veitti Charles Goemens örlítinn þakklætisvott fyrir það ötula starf sem hann hefur unnið á þessum vettvangi fyrir hönd stofnunarinnar. Charles hafði stuttu áður gefið fjórum sjálfbóðaliðum sem samanlagt hafa unnið 20 sumur hérlendis veglegar gjafir í tilefni af afmælinu.



Vísindavaka með W-23 hópnum

Um 150 manns mættu á Vísindavöku sem haldin var í Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði að tilstuðlan hóps sem kallar sig W-23. Í hópnum eru auk Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, Háskólasetur Snæfellsness, Náttúrustofa Vesturlands, Vör - Sjávarannsóknasetur við Breiðafjörð og útibú Hafrannsóknastofnunarinnar í Ólafsvík.

Markmið hópsins er að auka rannsóknir og hvers kyns samstarf stofnanana með það að leiðarljósi að bæta skilning á náttúru Vesturlands og fjölga störfum í náttúruvísindum. Heiti samstarfsins er W-23 sem vísar í vestlæga hnattstöðu Snæfellsness og hraða lognsins á svæðinu!

Á Vísindavökunni gafst mönnum færi á að skoða ýmis kvikindi, lifandi og dauð, auk þess sem starfsmenn útskýrðu vinnu sína og ýmis tól og tæki sem einnig voru til sýnis.

Sérstaka athygli vakti hversu vel yngri kynslóðin skemmti sér. Fjölmargir gesta á Vísindavöku tóku þátt í getraun en vinningana, gjafabréf fyrir tvo í siglingu frá Stykkishólmi með Sæferðum, hlutu tvær ungar dömur, þær Kristín Olsen og Lena Örvarsdóttir.

Hlutverk
Umhverfisstofnun hefur heimild til að stöðva starfsemi þegar í stað telji stofnunin alvarlega hættu stafa af starfsemi.



Vatnajökulsþjóðgarður eru 12.000 km² að stærð og er því stærsti þjóðgarður í Evrópu.

Vatnajökulsþjóðgarður stofnaður

Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður við formlega athöfn þann 7. júní. Af því tilefni sóttu um 400 manns stofnhátíð í Gljúfrastofu í Jökulsárgljúfrum, á Skriðuklaustri í Fljótssdal, í Skaftafellsstofu í Skaftafelli og í Kirkjubhvoli á Kirkjubæjarklaustri. Svæðið sem þessi þjóðgarður nær yfir var áður í umsjón Umhverfisstofnunar. Þjóðgarðurinn er 12.000 ferkílómetrar að stærð og er því stærsti þjóðgarður Evrópu. Þórunn Sveinbjarnardóttir, umhverfisráðherra, sagði í ávarpi sínu í Skaftafelli að með stofnun þjóðgarðsins réðust Íslendingar í stærsta náttúruverndarverkefni frá upphafi. Þá sagði umhverfisráðherra einnig

að væntingar stæðu til þess að þjóðgarðurinn myndi stækka á næstu misserum og árum og nú stæðu yfir viðræður við landeigendur og sveitarfélög þess efnis. Hún væri m.a. afar bjartsýn á að hin sérstaka náttúra svæðisins við Langasjó og Eldgjá yrði hluti þjóðgarðsins að ári. Landsvæði þjóðgarðsins er einstakt á heimsvísu. Þar er að finna síkvikt samspil jökla og eldvirkni, jökulhlaupa, eldgosa og jarðhita. Jarðfræðileg fjölbreytni er óvenjulega mikil og innan væntanlegra þjóðgarðsmarka er að finna afar sjaldgæfar landslagsheildir, meðal annars ósnortin víðerni. Stofnun þjóðgarðsins er einnig eitt stærsta atvinnusköpunar- og byggðaþróunarverkefni sem stjórnvöld hafa tekist á hendur í þessum hluta landsins.

Menntun landvarða

Til að fá réttindi sem landvörður þarf fólk að ljúka sérstöku námskeiði í náttúruvernd og landvörslu sem Umhverfisstofnun stendur fyrir. Landvarðanámskeið eru að jafnaði haldin annað hvert ár. Þátttakendur þurfa að vera orðnir 20 ára, vera með stúdentspróf eða aðra

sambærilega menntun eða reynslu. Á námskeiðinu er fjallað um náttúruvernd og álitamál um landnýtingu, jarðfræði, líffræði, lög og reglur, stígagerð, þjónustuhlutverk, framkomu, leiðsögn og náttúrutúlkun svo nokkuð sé nefnt. Í framtíðinni er stefnt að því að samræma menntun landvarða í Evrópu.



Námskeið fyrir landverði eru 120 klukkustunda námskeið sem felur í sér menntun og þjálfun landvarða í daglegum störfum þeirra.

Fyrir

Eftir

Mývatn
Talsverð vinna fór í að bæta göngustíga í Skútustaðagígum í Mývatnssveit í sumar. Göngustígur kringum Stakhólstjörn var bættur ásamt því sem ný göngubrú var gerð yfir Skipalæk. Í vor kom í ljós að göngubrú sem verið hafði yfir

Skipalæk var orðin ónýtt. Farið var í að kaupa timbur og redda málunum. Tók það ekki langan tíma enda vaskur hópur á ferð. Vakti nýja brúin mikla lukku meðal gesta er hugðust njóta þeirrar náttúruferðar sem svæðið hefur uppá að bjóða án þess að fara í ískalt fótbað. Í samstarfi BTCV

og Mývatns ehf, að fengnum styrk frá Ferðamálastofu, var mól sett í göngustíginn á álagssvæðum þar sem hann hefur haft tilhneigingu til að vaðast upp á vorin og þegar vætusamt er.

Landvarðanámskeið

Umhverfisstofnun hefur reglulega staðið fyrir námskeiði í landvörslu og nú síðast í febrúar 2008. Um er að ræða 120 klukkustunda námskeið sem felur í sér menntun og þjálfun landvarða í daglegum störfum þeirra. Á námskeiðinu er m.a. kennd móttaka og fræðsla gesta, umhverfistúlkun, öryggismál svæða, samskipti við gesti, náttúruvernd, náttúrufræði, stjórnsýsla umhverfismála, friðlýsingar, göngustígagerð o.fl. Fjöldi þátttakenda á námskeiðinu var 17 manns. Landvarðanámskeið fer ekki einvörðungu fram í kennslusal heldur eru 60 tímar í fyrirlestraformi og um 60 tímar eru kenndir í mörkinni. Á námskeiðinu var til að mynda farið í Skaftafell og dvalið þar í fjóra daga. Fjölmargir leiðbeinendur koma að landvarðanámskeiðum, nú síðast voru þeir 14 talsins.

Slitlag á veginn fyrir Jökul

Í daglegu tali heimamanna á utanverðu Snæfellsnesi er talað um að „fara framanundir“ þegar farið er fyrir Jökul. Sumarið 2008 var lokið við að leggja bundið slitlag á þá leið og er það gríðarlegur munur fyrir heimamenn og ferðafólk sem gleðst eflaust yfir því að losna við ryk, holur og grjótkast á akstri sínum. Um brýnt umhverfismál var að ræða en

jarðvegur á svæðinu er gljúpur og heldur illa vatni. Því þurfti oft að bera í veginn þar sem ofaniburður f auk fljótt burt. Slitlag var lagt á sama tíma á hluta Öndverðarnesvegur, að Skarðsvík. Einnig var sett slitlag á stutta vegarkafli að Gufuskálavör og Írskrabrúnni. Jafnframt voru gerð ný bílastæði.

Náttúruverndaráætlun 2009-2013

Unnið var að undirbúningi nýrrar náttúruverndaráætlunar 2009-2013 á árinu. Fyrsta náttúruverndaráætlunin rann út um áramótin 2008-2009. Í náttúruverndarlögunum er kveðið á um að náttúruverndaráætlun skuli taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa, svo og jarðmyndana hér á landi, meðal annars með tilliti til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsyn á endurheimt búsvæða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna. Miða skal við að svæði á náttúruverndaráætlun hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu, séu óvenju tegundarrík eða viðkvæm fyrir raski, ellegar séu nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda. Jafnframt skal þess gætt að svæðin hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags-, eða menningarlegt gildi, séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla, hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi eða séu einkennandi fyrir

Hlutverk

Umhverfisstofnun rekur sjö starfstöðvar víðsvegar um landið.

Í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er lagt til að næstu fimm árin verði unnið að friðlýsingu 13 svæða á landinu og að 24 tegundir háplantna, 45 tegundir mosa, 90 tegundir fléttna, þrjár tegundir hryggleysingja og tvær vistgerðir verði friðlýstar í þeim tilgangi að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni og að halda áfram uppbyggingu nets verndarsvæða sem tryggir verndun tegunda, vistgerða og vistkerfa sem eru í hættu og þarfnast verndar.



Unnið að smíði göngubrúar yfir Skipalæk.

náttúruvar viðkomandi landshluta. Tilgangurinn með vinnslu náttúruverndaráætlunar er að koma upp neti friðlýstra svæða sem tryggir verndun lífríkis og jarðminja sem þarfnast verndar. Í því felst meðal annars að setja fram áætlun um friðlýsingar til fimm ára í senn sem lögð er fyrir Alþingi í samræmi við ákvæði 65. og 66. greina náttúruverndarlaga. Búið er að friðlýsa eitt svæði af eldri áætlun, Guðlaugstungur, við lok árs 2008. Einnig var langt komin vinna við friðlýsingu Vatnshornsskógar í Skorradal. Ný náttúruverndaráætlun var lögð fram á Alþingi í desember en var ekki afgreidd á því þingi. Í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er lagt til að næstu fimm árin verði unnið að friðlýsingu 13 svæða á landinu og að 24 tegundir háplantna, 45 tegundir mosa, 90 tegundir fléttna, þrjár tegundir hryggleysingja og tvær vistgerðir verði friðlýstar í þeim tilgangi að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni og að halda áfram uppbyggingu nets verndarsvæða sem tryggir verndun tegunda, vistgerða og vistkerfa sem eru í hættu og þarfnast verndar. Einnig verður haldið áfram með framkvæmd þeirra friðlýsinga sem ekki tókst að ljúka frá fyrri áætlun. Þessar áherslur eru í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd um vinnslu náttúruverndaráætlunar sbr. 66. gr. laganna. Jafnframt er verið að vinna að framkvæmd stefnu og markmiðum samningsins um líffræðilega fjölbreytni um að stöðva eyðingu líffræðilegrar fjölbreytni árið 2010 á landi og 2012 í höfunum og mynda net verndarsvæða í þeim tilgangi.

Ný starfsemi á friðlýstum svæðum

Á árinu voru teknar í notkun tvær nýjar starfstöðvar á friðlýstum svæðum á vegum Umhverfisstofnunar. Annars vegar var sett á fót nýtt stöðugildi sérfræðings um friðlandið á Hornströndum en starfsmaðurinn er staðsettur á Ísafirði og hins vegar var ýtt úr vör starfi sérfræðings um friðlandið Surtsey með aðsetur í Vestmannaeyjum. Þessum fyrstu misserum starfsins hefur verið varið í að móta starfið og finna því hentugt húsnæði og kynna það heimamönnum. Markmiðið með uppbyggingu þessarar starfsemi er að veita fólki kynningu á viðkomandi svæði þar sem byggðar verða litlar gestastofur með helstu upplýsingum um friðlýsta svæðið. Einnig er það markmið Umhverfisstofnunar að skapa störf á landsbyggðinni kringum starfsemi á friðlýstum svæðum og þannig efla náttúruvernd og upplýsingar um þann málaflokk. Þessi starfsemi hefur mælst vel fyrir í héraði og verður vonandi framhald á þessari uppbyggingu á friðlýstum svæðum í framtíðinni.

Innleiðing svæðalandvörslu á friðlýstum svæðum í umsjón Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hóf innleiðingu á svonefndri svæðalandvörslu á friðlýstum svæðum í umsjón stofnunarinnar á árinu 2008. Hugmyndin með svæðalandvörslu er að einn landvörður hafi umsjón með nokkrum náttúruverndarsvæðum á landfræðilega afmörkuðum svæðum. Landinu er því skipt upp í nokkur landvörslusvæði, t.d. Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra og Norðurland



Surtshellir.

eystra. Með svæðalandverði er möguleiki að ráða verkamenn til almennra viðhaldsstarfa á viðkomandi svæði og þannig undirstrika umsjónar- og fræðsluhlutverk landvarðar. Með þessu móti má fá ákveðna verklega og fjárhagslega hagræðingu í almenna landvörslu en mikilvægast er að fleiri svæði fá landvörslu en ella með ofangreindri útfærslu. Þetta er mikilvægt þar sem Umhverfisstofnun hefur um 90 friðlýst svæði eða náttúruvörðunarsvæði á sinni könnu og hefur ekki haft svigrúm til að sinna landvörslu sem skyldi sökum skorts á fjármunum. Þessi leið leysir á margan hátt þetta brýna úrlausnarefni. Tilraun var gerð með eitt svonasvæði á árinu 2008. Ráðinn var svæðalandvörður á Vesturland sem hafði umsjón með þremur friðlýstum svæðum sem eru Geitland, Húsafellsskógur og Grunnafjörður og tveimur náttúruvættum, Grábrókargígum og Hraunfossu - Barnafossu. Verkefni landvarðar á Vesturlandi var umfangsmikið og þurfti að skipuleggja starfið mjög ítarlega. Verkefni svæðalandvarðar á Vesturlandi voru fjölbreytt, m.a. eftirlit með að lögum um náttúruvernd, friðlýsingarákvæðum svæða og að reglugerð um takmarkanir á akstri í náttúru Íslands væri fylgt, vöktun náttúrunnar, móttaka gesta og upplýsingagjöf um svæðið ásamt viðhaldsverkefnum, t.d. vegna göngustíga og annarra mannvirkja. Tilraunin heppnaðist vel í alla staði. Því mun hugmyndafræði svæðalandvörslu verða fram haldið á næstu árum með innleiðingu fleiri svæða en reiknað er með að á næstu 4-6 árum verði kominn svæðalandvörður á öll landsvæði ef áætlanir ganga eftir. Það mun þýða að flest, ef

ekki öll, friðlýst svæði og náttúruvörðunarsvæði munu fá landvörslu. Það er mikil breyting frá fyrri árum en landvörslu hefur verið ábótavant á flestum friðlýstum svæðum á Íslandi í gegnum árin. Það er von Umhverfisstofnunar að þetta verkefni gangi vel áfram enda mikilvægt að hafa landvörslu á friðlýstum svæðum svo hægt sé að fylgjast kerfisbundið með þeim og veita nauðsynlega fræðslu.

Hornstrandafriðlandið


Sá merkisviðburður varð í sögu friðlandsins á Hornströndum árið 2008, að ráðinn var sérfræðingur á heilsársgrunni. Staða heilsársstarfsmanns hefur verið í umræðunni frá því árið 1999 og hafa væntingar staðið til starfsins í mörg ár. Samhliða var ákveðið að koma upp gestastofu á Ísafirði, en henni var þó frestað ótímabundið vegna aðstæðna sem upp komu í fjármálum þjóðarinnar á haustdögum ársins.

Sérfræðingur tók til fullra starfa um miðjan maí, en hafði þá starfað í hlutastarfi frá því í mars. Með tilkomu heilsárslandvörslu urðu miklar breytingar í starfsemi friðlandsins. Tími til ýmissa undirbúningsverka, áætlana og annarra brýnna verkefna lengdist og margar hugmyndir sem setið hafa á hakanum vegna tímaskorts verða brátt að veruleika. Ásamt hefðbundnum landvarðarstörfum vann sérfræðingurinn að mótun starfsvettvangsins, s.s. undirbúning og opnun skrifstofu, þátttöku í ýmsum störfum, ráðstefnum og fundum, kynningarstarfi, öryggismálum,

Innleiðing svæðalandvörslu á friðlýstum svæðum hófst á árinu 2008.

TÖLFRÆÐI ÁRSINS

Skráningar og undanþágur varnarefna



Vegna erfiðleika í efnahagsmálum landsins haustið 2008 var byggingu miðstöðvar Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls frestað.



vinnu við aðalskipulag svæðisins o.fl. Meðal brýnna verkefna sem ráðist verður í á næstunni eru framkvæmdir í friðlandinu, s.s. við tjaldsvæði, lagfæring á göngustígum og vörðum leiðum og merkingum svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt að festa starfseminna í sessi á Ísafirði og skapa henni stöðu í samfélaginu.

Hornstrandafriðlandið hefur mikla sérstöðu. Vonandi tekst að greina þá sérstöðu á á komandi árum og setja fram áætlun um viðhald og verndun hennar. Framtíð svæðisins felst ekki síst í því. Með góðri samvinnu og samstöðu jafnt landeigenda, ferðamanna og rekstraraðila friðlandsins má tryggja að framtíðarkynslóðir fái notið svæðisins ekki síður en samtímamenn.

Friðlýsingar samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004-2008

Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands unnu saman að fyrstu tillögum að náttúruverndaráætlun og var skýrslan „Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Aðferðafræði“ lögð fram og kynnt á umhverfisþingi 2003. Náttúruverndaráætlun, sem umhverfisráðherra lagði fram á Alþingi og var samþykkt sem þingsályktun, kveður á um að unnið skuli að friðlýsingu sjö fuglasvæða, þriggja gróðursvæða

og tveggja svæða vegna jarðminja, auk þess að stofna Vatnajökulspjóðgarð á tímabilinu. Unnið var að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs í ráðuneytinu en stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli er hluti þess verkefnis og kom Umhverfisstofnun takmarkað að því verkefni.

Fljótlega kom í ljós mikill áhugi hjá sveitarstjórn Bólstaðarhlíðarhrepps (nú Húnavatnshreppur) um að friða gróskumikið votlendissvæði á hálendinu, Guðlaugstungur og Álfgeirstungu. Mikilvæg varp- og beitolönd heiðagæsa eru á svæðinu en tegundin telst til ábyrgðartegunda hér á landi. Friðlýsing svæðisins var staðfest með auglýsingu nr. 1150, 22. desember 2005. Í Vestmannaeyjum höfðu menn mikinn áhuga á að koma búsvæðavernd á úteyjarnar og einnig að friða nokkur svæði á Heimaey. Verndargildi Vestmannaeyja er afar hátt en þar er fjöldi sjófugla mikill og nær alþjóðlegum viðmiðum, þar á meðal ábyrgðartegundir. Friðlýsing í Vestmannaeyjum hefur enn ekki náð fram að ganga þrátt fyrir að áhersla var lögð á verkefnið á árinu 2008.

Við vinnu að friðlýsingu Álfanes og Skerjafjarðar á árinu 2008 kom í ljós að mikill áhugi var hjá sveitarfélögum við sunnanvert svæðið. Sveitarfélagið Álfanes samþykkti m.a. á fundi 11. desember 2008 að vinna að friðlýsingu svæðisins



innan marka sveitarfélagsins. Í Garðabæ er friðlýsingarferlið á lokastigi en þar var ákveðið að Gálghraunið, sem í náttúruverndaráætlun er lagt til að verði hluti af Skerjafjarðarsvæðinu, verði tekið sér og lýst sem friðland. Friðlýsing Gálghraunsins var á lokastigi í árslok 2008 og gert er ráð fyrir friðlýsingu þess snemma á árinu 2009.

Þrátt fyrir að áhersla áætlunarinnar hafi beinst að fuglasvæðum, var á tímabilinu unnið að vernd birkiskógarins Vatnshornsskógar í Skorradal í samstarfi við Skógrækt ríkisins og Skorradalshrepp. Náðist samkomulag um friðlýsingu skógarins og var tillaga þess efnis send ráðuneytinu til frekari ákvörðunar í desember.

Að lokum ber að geta þess að samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu að þingsályktun um nýja náttúruverndaráætlun er gert ráð fyrir að jafnhliða vinnu við framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009-2013, skuli haldið áfram með friðlýsingarvinnu samkvæmt fyrri áætlun.

Fegurð fjörunnar og fjölbreytileiki

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og sjávarannsóknarsetrið Vör í Ólafsvík fengu tvo styrki frá Menningarsjóði Sparisjóðs Ólafsvíkur sl. vor. Annar styrkurinn rann í verkefni um fjöruferðir fyrir almenning og var ætlunin að fylgjast með

breytingum í fjörunni með ýmsum athugunum og kynnast þannig fegurð hennar og fjölbreytileika. Þörungur og smádýralíf var skoðað en krabbar vöktu einna mesta hrifningu yngri kynslóðarinnar. Ferðirnar tókust afar vel og að sögn þátttakenda var magnað að vaða í pollum og skoða lífið sem þar leynist á meðan brimið svarraði úti fyrir hraunkanti strandarinnar. Hinn styrkurinn verður notaður í vor til að vinna efni og fara með börn úr grunnskólanum í fræðsluferðir í fjöruna.

Þjóðgarðsmiðstöð

Á árinu 2007 bárust þau ánægjulegu tíðindi að ríkisstjórnin hefði ákveðið að verja 200 milljónum króna næstu fjögur ár til byggingar miðstöðvar þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sem rísa mun á Hellissandi. Var stefnt á að opna húsið formlega á tíu ára afmæli þjóðgarðsins árið 2011. Fjármunirnir voru hluti af aðgerðum stjórnvalda vegna skerðingar á þorskvóta. Samkeppni um bygginguna fór fram árið 2006 og var það arkitektastofan Arkís sem vann þá keppni. Áframhaldandi hönnun hússins fór af stað af fullum krafti í byrjun árs 2008. Ákveðið var að húsið yrði byggt samkvæmt Breeam-staðli sem er alþjóðlegt vottunarkerfi fyrir visthæfar byggingar. Gert var ráð fyrir að verkið yrði boðið út vorið 2009. Vegna erfiðleika í efnahagsmálum landsins haustið 2008 var verkið hins vegar sett í bið.

Hlutverk

Umhverfisstofnun sér um vöktun og samræmingu mælinga á loftgæðum.

Friðlýsing í Vestmannaeyjum hefur enn ekki náð fram að ganga þrátt fyrir að áhersla væri lögð á verkefnið á árinu 2008.



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ:

STUÐLA AÐ VERNDUN OG
SJÁLFBÆRRI NÝTINGU VILLTRA
DÝRASTOFNA



VERKEFNI ER VARÐA MARKMIÐ UM VILLTA DÝRASTOFNA

Tveir hvítabirnir ganga á land á Skaga

Koma hvítabjarnanna vorið 2008 olli miklum viðbrögðum í þjóðfélaginu en samkvæmt lögum er það hlutverk Umhverfisstofnunar að bregðast við komu hvítabjarna þegar þeir ganga á land. Mikil fjölmiðlaumræða varð um málið og skiptar skoðanir fólks um viðbrögð við þessum heimsóknum. Fór svo að lokum að bæði dýrin voru felld. Tilraun var gerð til þess að ná síðara dýrinu lifandi, en sú tilraun mistókst. Umhverfisstofnun skipaði sérstakan starfshóp sem fór í gegnum þessa atburði til þess að athuga hvaða lærdóm mætti draga af þeim og í framhaldinu að leggja til viðbrögð við landgöngu hvítabjarna í framtíðinni. Starfshópurinn fór yfir atburðarás beggja tilfellanna með viðtölum við fólk á vettvangi og viðræðum við sérfræðinga um hvítabirni, bæði innlenda og erlenda. Frásögn atburðarrásarinnar við komu seinni hvítabjarnarins er rakin í niðurstöðum hópsins.

Um hádegisbil þann 16. júní fékk lögregla tilkynningu um að sést hafi til hvítabjarnar í heimalandi Hrauns á Skaga. Lögregla brást hratt við og fór á staðinn og staðfesti að þar væri hvítabjörn. Hann virtist rólegur og ekki á hreyfingu. Lögreglan lokaði svæðinu og kallaði til fjórar skyttur og forstöðumann Náttúrustofu Norðvesturlands til aðstoðar. Einnig kallaði lögreglan til björgunarsveit á svæðinu til að aðstoða við lokun svæðisins.

Umhverfisstofnun var þegar tilkynnt um að hvítabjörn hefði gengið á land á Skaga. Viðbrögð Umhverfisstofnunar voru að dýralæknir/sérfræðingur stofnunarinnar var þegar sendur á staðinn og var það ráðgjöf hans frá upphafi að fella bæri dýrið. Umhverfisstofnun ákvað hins vegar í samráði við Umhverfisstofnun að reynd yrði björgun á dýrinu með þeim ráðum er tiltæk voru og koma því lifandi til náttúrulegra heimkynna. Aðgerð var sett í gang af hendi Umhverfisstofnunar sem laut að þessu markmiði. Allan fyrsta daginn var unnið að þessari áætlun sem



Á myndinni má sjá hvítabjörninn í heimalandi Hrauns á Skaga. Áætlunin gekk út á að svæfa dýrið með deyfilyfjum sem skotið væri úr pílubyssu, færa það í búr og flytja að Ísroindinni og sleppa þar. Sú áætlun mistókst.

reyndist flókin og tímafrek þar sem engin reynsla af þess háttar aðgerð var fyrir hendi. Áætlun var lokið seint um kvöld af hendi Umhverfisstofnunar sem gekk út á að svæfa dýrið með deyfilyfjum úr pílubyssu, færa síðan dýrið í búr og flytja það með varðskipi að Ísroindinni og sleppa því þar. Til aðstoðar og skipulagningar á vettvangi var fenginn yfirdýralæknir dýragarðsins í Kaupmannahöfn, Carsten Grøndahl. Samband við dýragarðinn í Kaupmannahöfn komst á eftir milligöngu Náttúrustofu Norðvesturlands (NNV). Um þetta leyti var Landhelgisgæslan fengin að málinu og bauðst hún til að taka þátt í aðgerðum með þyrlu og varðskipi. Umhverfisstofnun setti í gang vinnu við að afla tilskilinna leyfa hjá stjórnvöldum á Grænlandi þannig að hægt væri að sleppa dýrinu í grænlandskri lögsögu. Þess ber að geta að slíkt leyfi lá ekki fyrir þegar björgunaraðgerðir á Hrauni hófust þann 17. júní.



Gengið var frá því við Icelandair Cargo að þeir fljúga með búið og dýralækninn til Akureyrar þar sem þyrla Landhelgisgæslunnar myndi flytja Carsten Grøndahl út á Hraun. Ýmissa leyfa þurfti að afla varðandi innflutning þess útbúnaðar sem stóð til að nota við björgunaraðgerðina. Búið komst ekki fyrir í þyrlunni og því þurfti að flytja það landleiðina á staðinn. Að kveldi 16. júní var búið að ganga frá flestum endum við áætlunina um björgun dýrsins; flugi með dýralækni og búr, leyfisveitingum og samskiptum við Landhelgisgæsluna og lögreglu um aðgerðir. Hvítabjörninn hafði lítið hreyft sig úr bæli sínu í æðarvarpinu þegar hér var komið sögu.

Aðfararnótt 17. júní hafði björninn lítið verið á ferðinni og hófst frekari undirbúningur fyrir komu Carsten Grøndahl. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar hafði á þessum tímamarki

verið í samskiptum við Carsten Grøndahl og Christian Sonne, dýralækni og sérfræðing í hvítabjarnafræðum við Árósháskóla og dönsku Umhverfisstofnunina. Til stóð að Christian Sonne myndi fylgja Carsten Grøndahl til Íslands og annast sýnatökur úr birninum en af komu hans varð ekki og því tók Umhverfisstofnun ábyrgð á öflun umræddra sýna. Drög að aðgerðaáætlun við föngun hvítabjarnarins voru ákveðin af yfirlögregluþjónum, dýralækni Umhverfisstofnunar og forstöðumanni NNV. Yfirlögregluþjónum var sá sem stýrði aðgerðum á Hrauni með tilliti til öryggisþátta en ábyrgð á aðgerðum er sneru að föngun dýrsins hvíldu á starfsmanni Umhverfisstofnunar. Kallaðir voru til þrjár dýralæknar á vegum Matvælastofnunar til aðstoðar við aðgerðina og fyrirhugaðar sýnatökur.

Umhverfisstofnun gaf út 22 CITES-leyfi vegna inn- og útflutnings tegunda eða afurða tegunda í útrýmingarhættu.

Yfirlögregluþjónum stýrði aðgerðum með tilliti til öryggisþátta. Umhverfisstofnun stjórnaði hinsvegar aðgerðum sem snéru að föngun dýrsins.

Starfshópur, skipaður af umhverfisstofnuneytinu fór yfir atburðarás beggja tilfellanna til að athuga hvaða lærdóm mætti draga af landgöngu hvítabjarnanna.

Yfirdýralæknir dýragarðsins í Kaupmannahöfn fenginn á staðinn.

CITES

CITES er samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, gerður í Washington 3. mars 1973 ásamt síðari breytingum og viðaukum. Markmið samningsins er að

vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þær. Samningurinn gildir um verslun með tegundir eða afurðir um 5.000 dýrategunda og 25.000 plöntutegunda.





Sérsmíðað búr var fengið frá Kaupmannahöfn með flugi. Búrið er úr stáli og viðarklætt.

Í stuttu máli þá fældist björninn og eftir stuttan eltingarleik var ljóst að hann var á leiðinni í sjóinn. Á því augnabliki var ákveðið að fella hann og var það gert á fagmannlegan hátt.

Vél Icelandair Cargo lenti á Akureyrarflugvelli um kl 14:30 með búr fyrir björninn og Carsten Grøndahl, dýralækni. Búrinu var ekið landleiðina út á Hraun en Carsten var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar út á Hraun. Hvítabjörninn hafði ekki hreyft sig úr bæli sínu í æðavarpinu á þessum tímamarki. Þegar Carsten kom að Hrauni var haldinn fundur aðila á staðnum þar sem hann var kynntur fyrir þeim sem komu að aðgerðum, ábyrgðarskipan og almennt farið yfir stöðu mála. Aðgerð varðandi föngunina var ákveðin í smáatriðum og í framhaldinu gengu aðilar til undirbúnings. Búrið kom að Hrauni um kl 17:00 og hófst björgunaraðgerð skömmu síðar.

Ákveðið var að senda fyrsta bíl í hvarfi við björninn og reyna að staðsetja hann milli dýrsins og sjávar í þeim tilgangi að reyna að koma í veg fyrir að dýrið flýði þangað. Billinn náði í um 50 m fjarlægð við dýrið og staðnæmdist þar án þess að dýrið yrði hans vart að því er virtist. Annar bíll með Carsten innanborðs nálgadist björninn í auglýsingu og kom hreyfing á hann áður en komist var í fullnægjandi færi til að skjóta hann með deyfipílu. Í stuttu máli þá fældist björninn og eftir stuttan eltingarleik var ljóst að hann var á leiðinni í sjóinn. Á því augnabliki var ákveðið að fella hann og var það gert á fagmannlegan hátt.

Niðurstöður starfshópsins eru að skynsamlegast sé að fella þá hvítabirni sem koma hingað til lands. Fyrir þessu álitu er þrenn meginrök og sjónarmið.

1. Öryggissjónarmið

Alltaf er talin stafa hættu af hvítabjörnum sem koma hingað til lands enda eru þeir þá utan náttúrulegra heimkynna og í umhverfi sem þeir þekkja ekki. Þetta er samdóma álit þeirra sérfræðinga sem starfshópurinn ræddi við. Hér má sérstaklega greina frá reynslu Ólafs Ingólfssonar, prófessors við Háskóla Íslands, en hann telur að dýrin séu óútreiknanleg og að gæta skuli mikillar varúðar þannig að maðurinn hafi alltaf frumkvæðið í þeim samskiptum.

2. Stofnstærðarsjónarmið

Það var álit vísindamanna á sviði hvítabjarnarrannsókna að engin stofnstærðarrök séu fyrir björgun hvítabjarna sem villast til Íslands. Í austur-grænlenka stofninum eru að lágmarki 2000 dýr og telur Christian Sonne, helsti sérfræðingur Dana um hvítabirni á Grænlandi, að það skipti engu máli fyrir stofninn þótt nokkur dýr væru felld hér á landi. Undir þetta tekur IUCN, hvítabjarnaráðið.

3. Kostnaður við björgunaraðgerðir

Ljóst er að björgunartilraunir eru mjög kostnaðarsamar og erfiðar í framkvæmd. Í því ljósi má benda á að ef reyna á björgun mun það kosta þjálfun á björgunarteymi, bæði grunnþjálfun og viðhaldsþjálfun, hérlandis sem erlendis. Tækjabúnað þarf til verkefnisins t.d. hentuga þyrlu, aðkomu Landhelgisgæslunnar vegna skips og annan búnað sem slík áætlan krefst og verður að skilgreina. Bent er á þá staðreynd, að ef hvítabirni er bjargað hér á landi og hann fluttur á svæði nálægt t.d. Kulusuk á veiðitíma er möguleiki á því að hann verði fljótlega skotinn enda það svæði þar sem mest er af veiðimönnum. Því þyrfti að flytja björninn langt til norðurs. Starfshópurinn hefur ekki reiknað út kostnað vegna þessa en ljóst er að hann mun hlaupa á tugum milljóna vegna hvers dýrs.

Starfshópurinn lagði jafnframt til að skipaður yrði sérstakur viðbragðshópur á Norðurlandi sem bregst við þegar hvítabirnir ganga á land á Íslandi. Starfshópurinn taldi jafnframt nauðsynlegt að halda þeim möguleika opnum að bjarga þeim dýrum sem rata til Íslands ef vilji er fyrir slíkum aðgerðum.

Yfir 700 manns sóttu skotvopna- og veiðikortanámskeið

Umhverfisstofnun hélt á þriðja tug skotvopna- og veiðikortanámskeiða á árinu 2008 víðs vegar um landið. Að jafnaði sækja á bilinu 600-800 manns þessi námskeið á hverju ári til að verða sér úti um skotvopnaleyfi og veiðikort. Um er að ræða tvö réttindanámskeið. Annars vegar skotvopnanámskeið sem gefur réttindi til að sækja um skotvopnaleyfi hjá lögreglunni og hins vegar veiðikortanámskeið sem gefur réttindi til þess að stunda skotveiðar.

Einhverjum kann að þykja mikið að yfir 700 manns sækji þessi námskeið á hverju ári til þess að gerast veiðimenn eða fá skotvopnaleyfi. En lauslega má ætla að álíka fjöldi hætti að stunda veiðar sökum aldurs. Veiðimönnum er því ekki endilega að fjölga.

Skotvopnanámskeið Umhverfisstofnunar eru ætluð þeim sem sækja um skotvopnaleyfi hjá lögreglunni. Ef námskeiðinu er lokið með fullnægjandi árangri er hægt að sækja um A-skotvopnaleyfi að því loknu. Athuga ber að skotvopnaleyfi veitir takmarkaðan rétt til þess að stunda skotveiðar og því fara flestir einnig á veiðikortanámskeið.

Veiðikortanámskeið Umhverfisstofnunar eru ætluð þeim sem sækja um veiðikort. Veiðikort gefur almenn réttindi til þess að stunda skotveiðar á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum. Allir sem hyggjast stunda almennar fugla-, refa- eða hreindýraveiðar verða að vera handhafar veiðikorts.



Ef námskeiðinu er lokið með fullnægjandi árangri má sækja um veiðikort að því loknu.

Veiðikort veitir ekki skotvopnaréttindi og því fara flestir einnig á skotvopnanámskeið.

Veiðikort

Árið 1994 var sett í lög að allir þeir sem hyggjast stunda veiðar á villtum spendýrum og fuglum þurfi að afla sér veiðikorts. Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikortanna en þau gilda að jafnaði til eins árs í senn frá 1. apríl – 31. mars árið eftir. Til að fá veiðikort endurnýjað þarf veiðimaður að skila inn veiðiskýrslu undangengins árs ásamt umsókn um nýtt veiðikort. Umhverfisstofnun er með um 20.000 veiðikorthafa á skrá hjá sér en á árinu

fengu 10.430 veiðimenn útgefið veiðikort, þar af 736 í fyrsta skipti að undangengnu hæfnisprófi verðandi veiðimanna. Að jafnaði fá 10.500 manns veiðikort á hverju ári en menn mega sleppa úr allt að tíu árum. Á þeim árum sem veiðikortakerfið hefur verið við lýði hafa safnast mikilvæg gögn um veiðar á Íslandi vegna þeirrar skyldu veiðimanna að skila inn veiðiskýrslu ársins á undan. Skýrsluskil hafa verið um 90% ár hvert. Veiðimönnum er boðið upp á að skila

inn veiðiskýrslum og umsóknum um veiðikort í gegnum veraldarvefinn en þá þjónustu nýta sér um 85% veiðimanna sem sparar mikið pappírnotkun.



Umhverfisstofnun gaf út 8 rekstrarleyfi fyrir starfsemi með dýr í atvinnuskyni í samræmi við dýraverndarlög.

Veiddir minkar í veiðiátaki 2007-2008		
	2007	2008
Eyjafjörður	203	56
kk	77	14
kvk	108	19
ógreint	18	23
Snæfellsnes	150	136
kk	70	50
kvk	73	54
ógreint	7	32
Samtals	353	192



Minkur veiddur í Glefsugildru.

Veiðiátak á mink í Eyjafirði og á Snæfellsnesi 2007 – 2009

Mun hærra hlutfall minka var veitt í gildrum, eða um 65%, en almennt hefur verið með veiðar, þar sem hlutfallið hefur verið tæplega 30% að jafnaði.

Minkur er veiddur í gildrum sem veiðimenn leggja út á staði sem líklegt er að minkar fari um og síðan eru hundar notaðir til að þefa uppi bæli og greni minkanna. Gildrunar voru lagðar við upphaf verkefnisins og síðan hefur verið vitjað um þær reglulega frá mars og fram í nóvember bæði árin. Hundaleit hefur hafist í mars á Snæfellsnesi og í apríl í Eyjafirði og stendur fram í júní en síðan er lítil skipuleg veiði með hundum eftir það. Veiðimenn ákváðu hvar gildrum voru lagðar og hvar leitað var með hundum. Treyst var á reynslu og þekkingu þeirra.

Lagt var upp með að auka verulega veiðiálagið á minkastofninn á svæðunum tveim, ekki síst með aukinni gildruveiði og halda veiðiálagi á stofninn því sama árin 2007 til 2009. Þegar árin tvö sem liðin eru eru skoðuð þá hefur það tekist nokkuð vel.

Upphafsárið gekk veiðin mjög vel, ekki síst í ársbyrjun. Veiddir voru 353 minkar, 203 á Eyjafjarðarsvæðinu og 150 á Snæfellsnesi. Taldir eru með á Snæfellsnesi minkar frá veiðimönnum sem veiða utan verkefnisins. Mun hærra hlutfall minka var veitt í gildrum, eða um 65%, en almennt hefur verið með veiðar, þar sem hlutfallið hefur verið tæplega 30% að jafnaði. Hlutfall kvendýra


í veiðinni var hærra á báðum svæðum; 58% á Eyjafjarðarsvæðinu og 51% á Snæfellsnesi. Ef veiðin frá janúar og fram í maí er skoðuð kemur í ljós að kynjahlutfallið var 62% á Eyjafjarðarsvæðinu og 51% á Snæfellsnesi. Þetta eru mikilvægar veiðar því þær draga verulega úr endurnýjun stofnsins.

Árið 2008 var óhagstæðara veður til veiða en árið á undan. Gildrum voru undir snjó fram í apríl og jafnvel maí og því erfiðara með gildruveiðar. Veiðin var 192 minkar, 56 á Eyjafjarðarsvæðinu og 136 á Snæfellsnesi. Hlutföll gildruveiða voru þau sömu og árið á undan og hlutfall kvendýra var sama og árið á undan og ef veiðin frá janúar til maí er skoðuð þá er hlutfall kvendýra á svæðunum 59% og 52%.

Áberandi er hve miklu færri dýr veiðast á Eyjafjarðarsvæðinu en árið á undan, auk þess sem lítið var um slóðir eftir mink veturinn 2007 - 2008. Þar er einnig áberandi að veiðin var meiri seinni hluta ársins og þá á útjöðrum svæðisins. Munurinn er ekki eins áberandi á Snæfellsnesi en þó eru marktækt færri minkar sem veiðast seinna árið en það fyrra. Þar spilar ef til vill inn í að umhverfið á Snæfellsnesi er erfiðara til veiða en Eyjafjarðarsvæðið en aðra þætti verður að skoða betur þegar verkefnið verður gert upp í heild sinni í lok árs 2009.



Greiddar voru rúmar 92 milljónir í arð á árinu 2008 til 750 landeigenda og ábúenda á Austurlandi vegna hreindýraveiða. Heildartekjur af veiðileyfasölu voru rúmar 106 milljónir.



Hreindýr

Heildartekjur af veiðileyfasölu árið 2008 voru kr. 106.410.000. Arður sem greiddur er til um 750 landeigenda og ábúenda á Austurlandi var kr. 92.132.000 eða um 86,5% af heildartekjum. Gjald til Umhverfisstofnunar vegna umsýslu var kr. 10.318.000 og Náttúrustofu Austurlands vegna vöktunar kr. 3.960.000. Veiðikvótinn fyrir árið 2008 var 1333 dýr. Heimilt var að byrja tarfaveiðar 15. júlí en veiðar á kúm byrjuðu 1. ágúst eins og áður. Veiðitímabilinu lauk svo eins og undanfarin ár 15. september. Veiðarnar gengu vel í heildina, veðurfar var veiðimönnum hagstætt, þurrt var í veðri, sólríkt og fáir þokudagar hömluðu veiðum. Það hefur

verið vandamál hve margir hreindýraveiðimenn ákveða að fella ekki sitt dýr fyrr en eftir 20. ágúst og skapar það vissulega vandamál þar sem kvótinn er mestur. Veiðimenn voru hvattir til að mæta fyrr til veiða og brugðust menn vel við þeim tilmælum sérstaklega á veiðisvæði 1-2 þar sem kvótinn var mestur og var því minni örtröð á veiðislóð í lok veiðitímans. Á veiðitímabilinu 2008 náðist að fella 1320 dýr, 582 tarfa og 738 kýr. Auk þess voru felldir 209 kálfar en heimilt er að fella kálf sem gengur undir felldri kú. Hreindýraveiðimenn þurfa að hafa með sér leiðsögumann sem hefur leyfi til leiðsagnar útgefið af Umhverfisstofnun. Starfandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum eru um 80.

Hlutverk

Umhverfisstofnun afgreiðir árlega um 40 umsagnir varðandi undanþágur fyrir skotvopn vegna meindýraeyðingar eða veiða erlendis.



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ:

VISTKERFISNÁLGUN VERÐI BEITT
VIÐ HEILDSTÆÐA STJÓRNUN Á
UMHVERFI Í VATNI OG HAFI



VERKEFNI ER VARÐA MARKMIÐ UM MÁLEFNI HAFS OG VATNS

Vatnatilskipunin

Umhverfisstofnun hefur verið falið að vinna að undirbúningi að innleiðingu vatnatilskipunar Evrópusambandsins hér á landi. Tilskipunin var samþykkt í sameiginlegu EES-nefndinni í september 2007 og staðfest hér á landi með þingsályktunartillögu í desember 2007. Hér er um að ræða viðamikinn pakka margvíslegra aðgerða og er tilgangur vatnatilskipunarinnar að setja ramma um vernd yfirborðsvatns, grunnvatns, árósavatns og strandsjávar, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vistkerfa. Tilskipunin á að tryggja sjálfbæra vatnsnotkun og verndun nytjavatns, bæta gæði vatna og koma í veg fyrir hnignun vatns, t.d. með því að draga úr losun hættulegra efna í vatn. Tilskipunin á einnig að stuðla að aðgerðum gegn flóðum til þess að bæta ástand vatns og sjávar.

Vatnatilskipunin gerir ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað sé heildstætt um málefni vatns innan vatnasvæðum. Til að hægt sé að koma slíku stjórnkerfi á þarf að flokka vatnasvið og lífríki í viðkomandi vötnum, skilgreina álagsþætti og meta ástand vatna eftir ákveðnu fyrirfram skilgreindu flokkunarkerfi. Gera þarf úttekt á stöðunni eins og hún er nú, gera vöktunaráætlanir og skila skýrslum í samræmdan evrópskan gagnagrunn.

Umhverfisstofnun hefur lagt af stað með aðgerðir og verkefni sem miða að því að undirbúa umhverfi og stjórnsýslu sem best undir innleiðingu vatnatilskipunarinnar og hefur í því sambandi komið á viðtæku samstarfi sérfræðistofnana og hagsmunaaðila.

Skólp og fráveitumál

Það er á ábyrgð heilbrigðisnefnda að sjá til þess að skólp sé hreinsað í þéttbýli og hafa eftirlit með skólphreinsistöðvum. Hlutverk Umhverfisstofnunar



Hlutverk Umhverfisstofnunar í skólp- og fráveitumálum er samræmingar og leiðbeinanda hlutverk.

í skólp- og fráveitumálum er samræmingar og leiðbeinanda hlutverk. Auk þess er það á ábyrgð Umhverfisstofnunar að gera sameiginlega stöðuskýrslu um losun skólps fyrir landið allt á tveggja ára fresti. Síðasta stöðuskýrsla var gerð á síðasta ári. Staða fráveitumála á Íslandi var þá þannig að skólp er hreinsað hjá tæplega 70% íbúa landsins. Um 90% íslendinga búa við ströndina sem gerir okkur auðveldara og ódýrara að hreinsa skólp þar sem ekki eru gerðar eins strangar hreinsunarkröfur í strandsjó, ef hann er skilgreindur síður viðkvæmur. Strandsjór getur talist síður viðkvæmur ef ekki er talin hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð vegna losunar skólps frá þéttbýli. Það má gera ráð fyrir að mikill meirihluti strandsjávar á Íslandi falli í þennan flokk. Það er á ábyrgð sveitarfélaga að skilgreina og flokka strandsjó. Þegar sú skilgreining liggur fyrir þá er það hlutverk Umhverfisstofnunar að staðfesta þá skilgreiningu eða hafna, út frá þeim gögnum sem liggja til

Hlutverk

Umhverfisstofnun veitir innflutningsheimildir fyrir efnavörur sem flokkast sem eitrefni.

grundvallar. Umhverfisstofnun fékk árið 2008 sendar tillögur um skilgreiningu viðtaka sem „síður viðkvæman“ frá fjórum sveitarfélögum. Áætluð losun í alla fjóra viðtaka er fyrir ríflega 25.000 manns sem er um 8% þjóðarinnar. Vonandi verður hærra hlutfall íbúa þéttbýlis með viðunandi skólphreinsun í næstu stöðuskýrslu sem gefin verður út árið 2010.

Siglingaleiðir fyrir sunnan og suðvestan Ísland


Flutningur á vörum til og frá landinu fer að mestu leyti um hafnir í Faxaflóa og siglingaleiðir fyrir sunnan land sem liggja um verðmæt hrygningar-, uppeldis- og veiðisvæði helstu nytjastofna Íslendinga. Áhættan af þeirri tilhögun hefur verið þekkt í meira en áratug. Strand Wilson Muuga í desember 2006 beindi á ný athyglinni að siglingum skipa meðfram ströndum landsins og var nefnd á

vegum samgönguráðherra falið að skoða þörf fyrir aukna stjórn á siglingaleiðum við suðurströnd Íslands. Skipaðir voru í nefndina fulltrúar frá Siglingastofnun Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Umhverfisstofnun, kaupskipaútgerðum og Hafnasambands Íslands. Það var samhljóða niðurstaða nefndarinnar að leggja til takmarkanir á siglingum skipa nærri ströndu frá Dyrolaey í austri, vestur fyrir Reykjanesskaga og norður fyrir Garðskaga. Jafnframt voru lagðar til afmarkaðar siglingaleiðir eftir stærð skipa og farmi þeirra, annars vegar



TÖLFRÆÐI ÁRSINS

Umsagnir um leyfi til að kaupa varnarefni



Ætla má að sandrækja og flundra hafi borist hingað til lands með kjölfestuvatni.

Sandrækjan er algeng með allri strönd meginlands Evrópu, meðfram ströndum Noregs og Bretlandseyja, að strönd Finnlands í Eystrasalti og inn í Miðjarðarhaf og Svartahaf.



Við framkvæmd vatnatilskipunarinnar eiga stjórnvöld að hvetja alla hagsmunaaðila til virkrar þátttöku, einkum hvað varðar stjórnunaráætlanir og vatnasviðaumdæmi.

Hlutverk

Umhverfisstofnun hefur það hlutverk að vinna landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

1. júlí 2008 tók gildi ný leiðarstjórnun við suðvesturland vegna strandsiglinga.

innri leið um svokallað Húll og hins vegar um ytri leið fjær landi (sjá kort). Í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar lögðu íslensk stjórnvöld fram tillögu um takmörkun á siglingu skipa til samþykktar hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO). Þessar tillögur voru samþykktar og tók ný leiðarstjórnun við suðvesturland gildi þann 1. júlí 2008.

Með þessari tilhögun hefur að mati Umhverfisstofnunar náðst mikilsverður áfangi í því að draga eins og kostur er úr áhættu af siglingum skipa við Íslandsstrendur.

Kjölfestuvatn

Í þúsundir ára hafa menn notað kjölfestu til að auka stöðugleika lítt lestaðra skipa við siglingar á úthafi. Áður fyrr notuðu menn m.a. grjót, sand eða málm en nú á dögum eru skip hönnuð með þar til gerða tanka sem fylltir eru með sjó til að auka stöðugleikann. Þessi aðferð er mun skilvirkari þar sem auðvelt er að stýra magni kjölfestunnar í samræmi við aðra hleðslu skipsins.

Á undanförunum áratugum hafa áhyggjur manna vegna notkunar kjölfestuvatns aukist þar sem lífverur geta flust með því á milli hafsvæða. Þegar skip taka upp kjölfestuvatn nærri landi fylgja oft með því ýmiskonar lífverur svo sem bakteríur, egg og lírfur. Margar þessar lífverur lifa af veruna í kjölfestutönkunum. Þegar kjölfestuvatn er losað á nýjum heimkynnum og aðstæður eru ákjósanlegar fyrir lífverurnar geta þær haldið áfram að vaxa og dafna. Oft eiga aðfluttar lífverur sér enga náttúrulega óvini og hefur reynslan sýnt að þær geta haft langvarandi áhrif á lífríki og fiskveiðar viðkomandi svæðis.

Hér við land er aðallega rætt um tvær tegundir sem ætla má að hafi komið hingað með kjölfestuvatni, það er annarsvegar flundra (*Platichthys flesus*), sem greindist fyrst hér við land í Ölfusárósum árið 1999. Heimkynni hennar eru með strönd Evrópu frá Marokkó til Færeyja og allt norður á Kólaskaga. Hin tegundin er sandrækja (*Crangon crangon*) sem sást í fyrsta sinn hér við land árið 2003 á

Álftanesi. Sandrækjan er algeng með allri strönd meginlands Evrópu, meðfram ströndum Noregs og Bretlandseyja, að strönd Finnlands í Eystrasalti og inn í Miðjarðarhaf og Svartahaf. Hér er um nokkuð meinlausar tegundir að ræða en oft er áfall mikið fyrir land og þjóð þegar framandi lífverur ná að festa sig í sessi.

Umhverfisstofnunin vann árið 2008 drög að reglugerð um kjölfestuvatn og losun þess sem miðar að því að stemma stigu við flutningi framandi lífvera sem og annarra meinvalda. Reglugerðin er unnin með hliðsjón af nýjum leiðbeiningum OSPAR-samningsins og við gerð hennar var einnig litið til ákvæða alþjóðlegs samnings um kjölfestuvatn (International Convention for the Control and Management of Ships' Ballast Water and Sediments).

Ráðstefna um innleiðingu vatnatilskipunarinnar

Umhverfisstofnunin hélt 31. október 2008 ráðstefnu um stöðu mála hérlendis vegna innleiðingar vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Ráðstefnan var haldin í þeim tilgangi að kalla saman þá sérfræðinga stofnana sem hafa á einn eða annan hátt unnið við að safna gögnum um vötn, hafa flokkað og skilgreint vötn og lífríki þeirra og fá þannig yfirlit yfir þau gögn sem til eru nú þegar í fórum viðkomandi stofnana. Einnig var tilgangurinn að fá sem mesta vitneskju um þau gögn sem til eru um ástand vatna og strandsjávar, áhrif vegagerðar, virkjana, skógræktar og landgræðslu á vötn. Skoðað verður í framhaldinu hvaða gögn verða nýtt til samantektar og hvaða gögn vantar og leitað leiða til að afla þeirra á næstu árum. Við framkvæmd tilskipunarinnar eiga stjórnvöld að hvetja alla hagsmunaaðila til virkrar þátttöku, einkum hvað varðar stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi.

Umhverfisstofnunin vann árið 2008 drög að reglugerð um kjölfestuvatn og losun þess sem miðar að því að stemma stigu við flutningi framandi lífvera sem og annarra meinvalda.

Hlutverk

Rekstur veiðikortakerfisins er í höndum Umhverfisstofnunar.



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ:

STJÓRNSÝSLA STOFNUNARINNAR VERÐI
SKÝR OG SKILVIRK

UMHVERFISMERKINGAR LEIÐI INNKAUP
ALMENNINGS OG FYRIRTÆKJA



VERKEFNI ER VARÐA MARKMIÐ UM STJÓRNSÝSLU OG UMHVERFISMERKINGAR

Yfirlit yfir gagnagrunna á vegum stofnunarinnar

Gagnagrunnar reyndust vera 99 talsins þegar vinnu var lokið við heildaryfirlit þeirra á árinu 2008.

Heildaryfirlit yfir þá gagnagrunna sem stofnunin viðheldur og ber ábyrgð var tekið saman á árinu. Reyndust þeir vera 99 talsins af ýmsum stærðum og gerðum og aukinheldur á mismunandi formi. Átak var sett af stað í framhaldinu til að samræma grunna og auka tengingar á milli þeirra svo upplýsingar slegnar inn á einum stað yrðu sóttar eftir hentugleikum á öðrum. Af þeim grunnum sem voru uppfærðir og tengdir saman má nefna símaskrá, ferðagrunn, starfsmannahald, tímaskráningu, erlenda alþjóðasamninga, þjóðskrá og verkþókhald. Umhverfisstofnun hefur rafræna stjórnsýslu að leiðarljósi sbr. skilavef veiðikorthafa og nýlega voru þrjú verkefni stofnunarinnar samþykkt inn í „Stefnu um upplýsingasamfélagið 2008-2011- Netrikið Ísland“ sem er á vegum ríkisstjórnarinnar. Stofnunin hefur einnig í hyggju að gefa út sérstaka stefnu í upplýsingatæknimálum og horfir þá til þeirra viðmiða sem ESB hefur sett sér í þeim málaflokk.

Umbótaverkefni

Síðastliðið sumar voru sett af stað tvö umbótaverkefni hjá Umhverfisstofnun í þeim tilgangi að einfalda verkferla. Fyrir lá greining á tilteknum álitæfnum sem varða framkvæmd stjórnsýslu. Annars vegar var um að ræða leyfisveitingar til handa leiðsögumönnum með hreindýraveiðum og hins vegar framkvæmd eftirlits með starfsleyfisskyldri starfsemi. Settar voru fram forsendur, verklýsing og tímaáætlun. Sérfræðingar stofnunarinnar á viðkomandi sviðum voru fengnir til að hafa umsjón með verkefnum. Gert var



Mikið af sérfræðiefni er að finna í bókasafni Umhverfisstofnunar.

ráð fyrir í forsendum verkefnisins að skilað yrði niðurstöðu í formi tillagna að breyttum verkferlum og/eða reglum. Niðurstaða annars þessara umbótaverkefna liggur nú fyrir. Er hún í formi tillagna að breytingum á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 og tillagna að reglugerðabreytingum. Þessum niðurstöðum hefur verið komið á framfæri við umhverfisráðuneytið. Endanlegrar niðurstöðu er að vænta snemma á árinu 2009. Ákveðið hefur verið að framvegis verði árlega sett af stað að minnsta kosti fimm umbótaverkefni hjá Umhverfisstofnun.



Hluti starfsmanna Umhverfisstofnunar á góðri stund sumarið 2008. Alls voru 63 starfsmenn hjá Umhverfisstofnun við árslok. Flest starfsfólk er með starfsaðstöðu í Reykjavík eða 48 manns en starfsstöðvarnar eru nú á sjö stöðum á landinu.

Bókasafn Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun rekur bókasafn sem er sérfræðisafn fyrir rit og gögn er varða starfssvið stofnunarinnar og þjónar safnið fyrst og fremst starfsfólki hennar. Við safnið vinna 2 bókasafns- og upplýsingafræðingar í hlutastöðum og var vinnuframlag þeirra við safnið minnkað á haustdögum úr 1.25 stöðugildum í 0.75 vegna skipulagsbreytinga.

Á árinu 2008 var haldið áfram þeirri vinnu sem hafin var haustið 2006 við að skrá gögn safnsins

í Gegni, sameiginlegan gagnagrunn flestra bókasafna á landinu. Þessi skráning er mikil vinna þar sem samhliða henni er unnið að mikilli grisjun og brottfellingu úrelts efnis. Breytingar á skipulagi og mönnun Umhverfisstofnunar hafa haft í för með sér mikla vinnu fyrir starfsfólk safnsins. Því hefur skráningin í Gegni gengið mun hægar en vonir stóðu til og er erfitt að spá fyrir um það hvenær henni muni ljúka.

Töluverð áhersla hefur verið lögð á grisjun eldra safnefnis á árinu, einkanlega hvað varðar

Símenntunarmál voru ofarlega á baugi á árinu hvað starfsmenn viðvíkur. Megin þema þeirra var stofnanamenning og samstarf. Stjórnendur unnu með menningargildi auk þess að efla sig í stjórnendahlutverkinu en almenn áhersla hjá stofnuninni var á þverfaglega teymisvinnu og að vinna sem ein heild.



UMHVERFISSTOFNUN

Nýtt merki Umhverfisstofnunar

Í kjölfar stefnumótunar ársins 2007 og nýs skipulags þótti við hæfi að velja stofnuninni nýtt einkennismerki. Helstu auglýsingastofum landsins var boðið að hanna ímyndarlausnir fyrir stofnunina. Auglýsingastofan Fítón var valin með tilliti til tilboðs og fyrri vinnu við hönnun einkennismerkja fyrirtækja. Fimmtán hugmyndir

voru lagðar fyrir sérstaka innanhússdómnefnd sem var öll á einu máli um hvaða tillaga yrði fyrir valinu. Óskað var eftir því við Fítón að útfæra hana endanlega. Nýja einkennismerkið var afhjúpað á ársfundum Umhverfisstofnunar á Hótel Hilton 3. apríl 2008. Óhætt er að fullyrða að almenn ánægja ríki um nýja einkennismerkið og þá björtu liti sem það skartar. Merkið er samsett úr tveimur litum sem eru áberandi

í umhverfi landsins, það er að segja grænum lit gróðursins og bláum lit vatnsins og himinsins. Formin geta táknad ýmislegt í umhverfi landsins en saman mynda þau fyrsta bókstafinn í nafni stofnunarinnar. Nafn stofnunarinnar kemur fyrir í merkinu. Einnig hafa verið hannaðar rendur og ýmis form í anda merkisins sem prýðir prentað efni og útbúnað stofnunarinnar.

Það var auglýsingastofan Fítón sem hannaði merki Umhverfisstofnunar. Snemma árs 2008 lauk vinnu við að samræma allt útgefið efni með tilliti til hins nýja merkis.

Bókasafn Umhverfisstofnunar hefur dreift um 350 eintökum rita til annarra safna og stofnana á árinu.

tímarit. Vegna sparnaðar í rekstri og fyrirsjáanlegra verðhækkana munu bæði tímarita- og bókakaup dragast saman á næsta ári. Eins og undanfarin ár hefur safnið annast dreifingu ýmissa rita, einkum rita Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA) og Norrænu ráðherranefndarinnar. Á árinu 2008 hefur safnið dreift um 350 eintökum rita til annarra safna og stofnana.

Breytt meðferð umhverfisupplýsinga hjá Evrópusambandinu.



Sambætt upplýsingakerfi Evrópu á sviði umhverfismála (SEIS) – nýtt fyrirkomulag í gagnamálum

Umhverfisstofnun greindi alls 52 tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins og gerði tillögur um innleiðingu þeirra til umhverfisráðuneytisins.

Innan Evrópusambandsins er hafinn undirbúningur að breyttu fyrirkomulagi á meðferð umhverfisupplýsinga. Evrópusambandið hefur þegar hafið undirbúning að tilskipun um þetta nýja fyrirkomulag hvað Ísland varðar og mun gildissvið hennar í fyrstu ná til þeirra upplýsinga á umhverfissviði sem veittar eru á grundvelli EES-samningsins.

Markmiðin eru m.a.:

- Víðfeðmari þekkingargrunnur fyrir stefnumörkun í umhverfismálum. Aukin þekking bætir ákvarðanatöku í umhverfismálum.
- Upplýsingatækni sé nýtt til þess að byggja upp öfluga og nútímalega innviði fyrir söfnun, nýtingu, úrvinnslu og dreifingu á umhverfisupplýsingum. Aðferðir sem notaðar eru nú t.d. við skil á gögnum þykja úreltar.
- Bjóða ný kerfi sem framlag til annarra alþjóðlegra umhverfissamninga og vöktunarverkefna. Aukaávinningur af verkefninu: stuðla að nýsköpunarverkefnum í einkageiranum.



Umhverfisstofnun er aðili að verkefnum um nútímalegri meðferð umhverfisupplýsinga. Má þar nefna þátttöku í ósonvef Evrópu og í verkefni um upplýsingatækni í bættri meðferð umhverfisupplýsinga.

(<http://ec.europa.eu/environment/seis/index.htm>)

(<http://www.eea.europa.eu/maps/ozone/map>)

(<http://www.nesis.eu/>)



Evrópusambandið hefur þegar hafið undirbúning að tilskipun um nýtt fyrirkomulag varðandi meðferð umhverfisupplýsinga og mun gildissvið hennar í fyrstu ná til þeirra upplýsinga á umhverfissviði sem veittar eru á grundvelli EES-samningsins.

Veiðikorthafar eru um 21.000 og hagræði vegna rafrænna skila á veiðiskýrslum er mikið.

Skila- og umsóknarvefur vegna veiðikorthafa

Árið 2001 fékk

Veiðistjóraembættið styrk frá Upplýsingasamfélaginu til að útbúa skilavef fyrir veiðiskýrslur veiðikorthafa og rafrænar umsóknir um veiðikort. Vefurinn var tekinn í notkun um áramótin 2000/2001. Strax á fyrsta ári skiluðu um 58% veiðikorthafa skýrslunum rafrænt á netinu og sóttu um veiðikort. Skilin hafa aukist með hverju ári og í dag eru þau um 90%. Til gamans má geta að frá upphafi hafa ríflega 65.000 rafrænar umsóknir um veiðikort borist í gegnum skilavefinn. Strax árið eftir var veiðimönnum boðið upp á að fá lykilorðið



sent rafrænt og í dag eru um 70% sem nýta sér þá þjónustu. Veiðikorthafar eru ríflega 21.000 og hagræðið sem hlýst af þessu fyrirkomulagi er gríðarlegt. Skilavefurinn hefur einnig þróast eftir því sem árin hafa liðið og nú er t.d. hægt að sækja rafrænt um hreindýrveiðileyfi en 95% af

rúmlega 3.000 umsóknum berast með þeim hætti. Innbyggt í skilavefinn er líka þjónustu- og gæðakönnun ásamt möguleika á að spyrja nánari spurninga um einstök veiðidýr og veiðihegðan veiðimanna t.d. vegna rjúpnaveiða.



Svanurinn hefur sig til flugs

Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Alþjóðleg könnun leiddi í ljós á síðasta ári að Svanurinn er leiðandi meðal umhverfismerkja í heiminum, en merkið gerir strangar kröfur um heilnæmi, gæði og umhverfisáhrif. Samkvæmt árlegri

neytendakönnun á vegum norrænu ráðherranefndarinnar segjast 70% Íslendinga þekkja Svansmerkið, 93% í Noregi, 92% í Sviðþjóð, 84% í Danmörku, og 76% í Finnlandi. Umhverfisstofnun hefur umsjón með Svaninum á Íslandi. Fjögur íslensk fyrirtæki eru í dag með gilt Svansleyfi. Alls voru um 150 vörutegundir merktar svaninum á markaðnum á Íslandi í apríl árið 2008. Umhverfisstofnun innleiddi verkefni á árinu til að kynna svansmerkið á Íslandi. Meðal annars var gerð úttekt á stöðu merkisins hér á landi og Svanurinn kynntur á sýningu um visthæfan lífsstíl í Perlunni á Degi Umhverfisins. Ráðinn var starfsmaður tímabundið til að efla Svaninn á Íslandi og sérstakt Svansteymi var stofnað.

70%. Íslendinga segjast þekkja Svansmerkið en töluvert hærra hlutfall íbúa nágrennalanda okkar þekkir merkið.



Séð yfir Kröflusvæðið.



Gefinn var út ískápasegull á árinu til kynningar á umhverfismerkjum.

Mat á umhverfisáhrifum og skipulagi

Afgreiddar voru vel á annað hundrað umsagnir um skipulagsmál og annað eins um tilkynningaskyld mál, matsáætlanir og frummatsskýrslur. Af skipulagsmálum má segja að umsagnir um tillögur að deiliskipulagi frístundabyggða hafi verið áberandi hvað fjölda varðar. Einnig er áberandi hve mörg sveitarfélög eru að ljúka aðalskipulagsgerð. Hvað varðar mat á umhverfisáhrifum var umfjöllun um háhitasvæðin á Norðausturlandi áberandi á árinu 2008, enda verið að fjalla um drög að matsáætlun og síðan tillögu að matsáætlun fyrir svæðin Þrjú, Kröflu II, Þeistareyki og Gjástykki. Eins og allir vita eru ofantalin svæði einstakar náttúruperlur. Því er mikil ábyrgð á herðum ráðgjafa sem vinna að mati á umhverfisáhrifum væntanlegra framkvæmda á slíkum stöðum og einnig mikil ábyrgð hjá Umhverfisstofnun að fylgjast með þeirri vinnu og veita umsagnir.

Ferðagrunnur

Gagnagrunnur fyrir ferðir starfsmanna innanlands sem utan var tekinn í almenna notkun á árinu. Mikið er um ferðalög erlendis vegna skuldbindinga EES-samningsins og annara alþjóðlegra samninga. Starfsemi stofnunarinnar innanlands er mjög fjölbreytt og krefst talsverðra ferðalaga, s.s. vegna veiðistjórnunar, landvörslu á friðlýstum svæðum, eftirliti með mengandi starfsemi og mati á umhverfisáhrifum. Farnar voru á árinu 88 ferðir erlendis með 300 ferðadögum og 203 ferðir með 266 ferðadögum innanlands. Starfsmenn slá inn í gagnagrunninn ferðabeiðni og upplýsingar um ferðalög, hvort sem um er að ræða ferðir innanlands eða utan. Upplýsingarnar fara síðan í rafrænt ferli innan stofnunarinnar sem lýkur með því að samþykktur ferðareikningur er prentaður út úr kerfinu. Starfsmenn jafnt sem stjórnendur geta nálgast rafræn yfirlit úr grunninum. Gagnagrunnurinn einfaldar alla áætlanagerð og eftirfylgni.

Afgreiddar voru vel á annað hundrað umsagnir um skipulagsmál og annað eins um tilkynningaskyld mál, matsáætlanir og frummatsskýrslur á árinu 2008.



UMHVERFISSTOFNUN

GILDI UMHVERFISSTOFNUNAR

Stofnunin og starfsmenn hennar hafa þrjú megingildi að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

Þau eru:

Fagmennska – tekið sé á málefnum sem berast stofnuninni af yfirgripsmikilli þekkingu og með faglegum hætti

Traust – Umhverfisstofnun njóti trausts meðal fyrirtækja, almennings og stjórnálmanna

Ábyrgð – stofnunin er ábyrgur aðili í verndun náttúrunnar og stuðlar að heilsusamlegu umhverfi landsmanna

FJÁRMÁL OG REKSTUR



Heildarvelta Umhverfisstofnunar er miðað við bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2008 um 790,5 milljónir króna. Sértekjur stofnunarinnar eru um 114,6 milljónir króna., markaðar tekjur eru um 133,7 milljónir króna. og aðrar rekstrartekjur eru um 7,1 milljónir króna.

Gjöld stofnunarinnar skiptast þannig að laun og launatengd gjöld eru langstærsti kostnaðarliðurinn eða um 47%. Þar á eftir koma tilfærslur, um 15,5%, húsnæðiskostnaður, um 12,3%, og aðkeypt þjónusta sem var um 12,2%. Tilfærslur eru að langmestu leyti greiðslur til landeigenda vegna arðs af hreindýraveiðum og endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða.

Gjöldin lækka nokkuð milli ára og skýrist það af því að þjóðgarðarnir í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli færðust í upphafi ársins til nýrrar stofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs, og matvælasvið stofnunarinnar var fellt inn í nýja stofnun, Matvælastofnun.

Geta ber þess að uppgjörið sýnir ekki raunsanna mynd af stöðu stofnunarinnar þar sem höfuðstóll sem fluttur er milli ára inniheldur m.a. gegnumstreymissjóði sem ekki hafði verið ráðstafað um áramót og ennfremur ýmis verkefni sem áttu ekki að hefjast fyrr en á árinu 2009 eða ekki náðist að ljúka á árinu 2008 og frestast því fram til ársins 2009. Má þar m.a. nefna 50 milljónir króna vegna undirbúnings byggingar gestastofu í Snæfellsjökulsþjóðgarði, 20 milljónir króna vegna undirbúnings opunar Hornstrandastofu, 20 m.kr. vegna undirbúnings opunar Látrastofu, 10 milljónir króna vegna tækjakaupa og 10 milljóna króna rekstrarafgangs vegna friðlandanna á Hornströndum og í Surtsey.

Á meðfylgjandi skífuriti má sjá skiptingu gjalda ársins 2008 á rekstrarliði.



REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2008

(Bráðabirgðatölur)

TEKJUR: (þús.kr.)	2008	2007
Sértekjur	114.644	169.403
Markaðar tekjur	133.673	113.906
Aðrar rekstrartekjur	7.108	10.646
Tekjur samtals	255.425	293.955

GJÖLD:	2008	2007
Laun og launatengd gjöld	372.072	422.064
Ferða- og fundakostnaður	49.959	58.845
Rekstrarvörur	24.653	22.717
Aðkeypt þjónusta	96.635	156.782
Húsnæðiskostnaður	97.222	114.195
Bifreiðakostnaður	5.031	7.693
Tilfærslur	122.790	131.672
Rekstargjöld samtals:	768.362	913.968

Eignakaup	9.892	13.718
Gjöld samtals	778.254	927.686
Fjármagnsgjöld	12.230	5.259
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir fjárheimild	(535.059)	(638.990)
Framlag ríkissjóðs	657.100	656.400
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	122.041	17.410

Höfuðstóll í árslok	2008	2007
Fjárheimild flutt frá fyrra ári	54.098	36.688
Fjárheimild flutt yfir á næsta ár	176.139	54.098

Þess ber að geta að uppgjör rekstrarreiknings fyrir árið 2008 eins og það er sett fram sýnir ekki raunsanna mynd af fjárhagsstöðu Umhverfisstofnunar. Sjá skýringar í texta.

Fjármála- og rekstrarsvið

Fjármála- og rekstrarsvið sinnir öllum fjármálum og bókhaldi Umhverfisstofnunar. Meðal verkefna sem tengjast því er merking reikninga og uppáskriftir, innheimta sértekna, uppgjör og kostnaðareftirlit. Ennfremur má nefna innkaup, eignausýslu, kostnaðarmat á frumvörpum og reglugerðum og umsjón bankareikninga. Sviðið sinnir ennfremur skjalavörslu stofnunarinnar og tölvumálum. Þar að

auki er öll ritaraþjónusta og símvarsla á höndum starfsmanna sviðsins.

Á árinu 2008 hefur farið fram mikil endurskoðun á allri framkvæmd fjármála stofnunarinnar og mun sú endurskoðun ná fram á árið 2009, m.a. með endurskoðun allra verkferla sem tengjast fjármála- og rekstrarsviði.

*Njótum umhverfisins
og stöndum vörð um það saman*

